

# Ytra mat grunnskóla Lækjarskóli

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið og Hafnarfjarðarbæ.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Birna Sigurjónsdóttir  
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-34-3

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna . . . . .	5
Inngangur . . . . .	7
Markmið og tilgangur . . . . .	7
Aðferðir og framkvæmd . . . . .	7
Lækjarskóli . . . . .	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi . . . . .	8
Stefna skólans . . . . .	9
Starfsmenn . . . . .	10
Nemendur . . . . .	10
Árangur náms . . . . .	11
Samræmd próf. . . . .	11
Framfarir . . . . .	12
Þátttaka . . . . .	12
PISA . . . . .	13
Lesskimun . . . . .	13
Starfstími. . . . .	13
Sérfræðiþjónusta . . . . .	14
Niðurstöður . . . . .	15
Svið I - Stjórnun. . . . .	15
Fagleg forysta . . . . .	15
Stefnumótun og skipulag . . . . .	19
Samskipti heimila og skóla . . . . .	21
Svið II - Nám og kennsla . . . . .	24
Nám og námsaðstæður . . . . .	24
Þátttaka og ábyrgð nemenda . . . . .	27
Námsaðlögun . . . . .	28
Svið III – Innra mat . . . . .	30
Framkvæmd innra mats. . . . .	30
Umbótastarf í kjölfar innra mats . . . . .	31
Svið IV – Nám nemenda með sérþarfir . . . . .	33
Styrkleikar og tækifæri til umbóta . . . . .	37
Heimildir. . . . .	48



## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Lækjarskóla sem fór fram á vorönn 2014. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þátturinn nám nemenda með sérþarfir.

### Stjórnun

Allir stjórnendur skólans leggja mikla áherslu á góð samskipti við nemendur og foreldra og menntun og velferð nemenda er þeim leiðarljós í starfinu. Stefnumörkun skólans endurspeglast í stefnukorti og markmiðum sem birtast í gögnum skólans. Foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans og segja stjórnendur aðgengilega. Starfsmenn segjast fá hrós og hvatningu frá stjórnendum. Í skólanum er notað SMT-agakerfi eða jákvæð skólafærni til að skapa gott andrúmsloft í skólanum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. SMT-reglur eru virkar og sýnilegar í skólanum og ein regla er kynnt sérstaklega í hverri viku.

Meðal nauðsynlegra umbóta er að tryggja að lögbundinn skólatími nemenda skerðist ekki vegna sunds og íþróttatíma sem liggja að öðrum tímum án hlés. Tryggja þarf einnig að smiðjufyrirkomulag á miðstigi uppfylli tilskilinn tímafjöldi í list- og verkgreinum. Fjölga þarf tímum í valgreinum á unglingsstigi fyrir alla árganga og auka val nemenda í námi á öllum aldursstigum.

Stefna þarf að aukinni starfsánægju og bæta starfsanda, m.a. með því að auka samstarf milli aldursstiga og starfsstétta. Virkja þarf alla hagsmunaaðila skólans markvissar í stefnumótun og markmiðssetningu og auka aðkomu þeirra að innra mati, skólaþróun og umbótum. Tryggja þarf að upplýsingar um skólastarfið séu aðgengilegar á heimasíðu, settar fram í samræmi við kröfur laga og aðalnámskrár og helstu þættir birtir á erlendum málum. Einnig að upplýsingar um daglegt starf berist til allra sem þær varða hverju sinni. Skrá þarf og birta hvernig samstarfi við önnur skólastig og stofnanir í nærsamfélaginu er háttað.

Til að efla samstarf við foreldra er æskilegt að auka tækifæri foreldra til beinnar þátttöku í námi nemenda, t.d. með heimsóknum á skólatíma og auknu samráði við þá um heimanám. Einnig þarf að styrkja starf skólaráðs og tengsl fulltrúanna við umbjóðendur sína, foreldra og nemendur, m.a. með því að birta fundargerðir og tryggja lýðræðislegt val þeirra.

### Nám og kennsla

Helstu styrkleikar Lækjarskóla í námi og kennslu felast í öflugum starfsmannahópi sem samanstendur af fólki með fjölbreytta fagmenntun. Áherslur sveitarfélagsins um velferð og líðan koma fram í starfi skólans og stefnu. SMT áherslur einkenna skólastarfið og þann anda sem er í skólanum. Virðing er borin fyrir margbreytileika í skólastarfinu og stoðþjónusta er víðtæk og mætir fjölbreyttum þörfum.

Jákvæður starfsandi er í kennslustundum, nemendur eru almennt virkir við þau verkefni sem þeim eru falin. Kennarar veita uppbyggilega leiðsögn þegar leitað er til þeirra. Nemendum er leiðbeint um æskilega hegðun og bera ábyrgð á eigin framkomu.

Vinna ætti að stigvaxandi ábyrgð og þátttöku nemenda við að skipuleggja og meta eigið nám og námsumhverfi. Skipuleggja ætti nám og kennslu nemenda með það að markmiði að samvinna og samræður séu hluti af námi. Efla þarf notkun upplýsingatækni í námi og kennslu. Setja ætti fram viðmið um námsárangur sem styðja við námsmat. Æskilegt er að skilja milli námsárangurs og ástundunar þegar nám nemenda er metið.

### Innra mat

Innra mat skólans telst kerfisbundið með notkun stefnumiðaðs árangursmats og helstu markmið skólans eru metin reglulega. Fjölbreyttum aðferðum er beitt við gagnaöflun og leitað er eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila hverju sinni. Sjálfsmatsskýrsla og listi yfir umbótaverkefni eru birt á heimasíðu skólans. Tengja þarf saman stefnu skólans, markmið skólanámskrár og mat á markmiðum með skýrum hætti,

t.d. í matsáætlun. Auka þarf aðkomu allra aðila skólasamfélagsins að innra mati skólans með stofnun matsteymis þar sem starfsfólk, foreldrar og nemendur eiga fulltrúa og með auknu samráði við skólaráð. Kynna þarf niðurstöður kannana fyrir öllum hagsmunaaðilum en ekki aðeins starfsmönnum. Í umbótaáætlun komi fram hvernig verkefni tengjast niðurstöðum innra og ytra mats, aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram séu skýrt skilgreindar og einnig sé ljóst hvernig árangur umbótaverkefna verður metinn.

### **Nám nemenda með sérþarfir**

Við skólann er leitað víðtækra og fjölbreyttra leiða til að mæta þörfum allra nemenda. Skólinn hefur að meginstefnu að allir nemendur séu virkir þátttakendur í skólanum, bæði hvað varðar náms- og félagslega þætti. Við skólann starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga með víðtæka fagþekkingu og reynslu af námi og kennslu nemenda með sérþarfir. Jákvætt andrúmsloft er í skólanum sem nær til viðhorfa allra til fjölbreytileika nemendahóps. Áætlanir eru um móttöku nemenda með sérþarfir í sérdeild og móttökudeild fyrir erlenda nemendur. Vel er haldið utan um gögn nemenda og þau fylgja nemendum milli skólastiga. Foreldrar eru vel upplýstir um nám barna sinna og þá þjónustu sem skólinn veitir nemendum með sérþarfir.

Helstu umbótatillögur snúa að því að bæta skráningu varðandi skipulag, starf og ferla um nám nemenda með sérþarfir og birta opinberlega á heimasíðu skólans. Huga þarf að því að unglingar í sérdeildum hafi lögbundið val í námi. Bæta þarf tölvukost og nýta betur möguleika upplýsingatækni við nám og kennslu nemenda með sérþarfir. Huga ætti að þátttöku nemenda við að setja sér markmið og gera þeim vel grein fyrir viðmiðum um árangur. Upplýsingar um skólann og starfsemi hans þyrftu að vera á heimasíðu á helstu erlendu tungumálum nemenda af erlendu bergi.

## Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á Lækjarskóla í Hafnarfirði. Matið var framkvæmt af Birnu Sigurjónsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 17.-21. febrúar 2014. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í Lækjarskóla voru metnir fjórir þættir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og nám nemenda með sérþarfir. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli er nám nemenda með sérþarfir. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar, auk Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020 (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013. Skólar hafa svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til ársins 2015 og einn kaflahluta til 2016, það er kafla 9.4., þar sem fjallað er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

## Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarf á prenti eða á rafrænu formi.<sup>1</sup> Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun undanfarin sjö ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem mennta- og menningarmálaráðuneytið lét gera árin 2002 og 2007 og á Fjölgreinabraut skólans árið 2009. Engar heildar úttektir á skólanum hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár.

1 Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Kynningarfundur var haldinn 30. janúar 2014 fyrir allt starfsfólk og fulltrúa frá skólaskrifstofu. Þá gafst einnig tækifæri til að fara með skólastjóra í snögga skoðunarferð um skólann. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 80% kennara og gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru átta rýnifundir, með tveimur hópum nemenda í 2.-6. bekk annars vegar og 7.-10. bekk hins vegar, með foreldrum, kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, almennum deildarstjórum, deildarstjórum sérúrræða og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki nema stjórnendur. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóra. Vegna fjórða matsþáttarins, náms nemenda með sérþarfir, var rætt við rýnihóp deildarstjóra sérúrræða og einnig var sérstökum spurningum um nám nemenda með sérþarfir beint til allra rýnihópa. Auk þess var rætt óformlega við hóp nemenda í fjölgreinadeild. Starfsmenn sem ekki voru í rýnihópi komu einnig með með ábendingar til matsmanna. Skólaheimsóknin stóð yfir í fjóra daga, auk kynningafundar og skoðunar, þ.e. 17.-20. febrúar 2014. Heimsóttar voru 37 kennslustundir hjá jafn mörgum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum: stærðfræði, íslensku (lestur, stafsetning, málfræði), samfélagsfræði, dönsku, ensku, náttúrufræði, heimilisfræði, myndmennt, smíði, textílmenn, íþróttum, sundi og tónmennt. Vettvangsathuganir voru einnig í kennslustundum í móttökudeild, sérdeild og fjölgreinadeild. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista um þær kennslustundir sem þeir mátu. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dags og fá endurgjöf og um 90% þeirra kennara sem farið var til í vettvangsathugun nýttu sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Nokkuð dróst á langinn að fá umbeðin gögn frá skólanum að aflokinni vettvangsheimsókn, þannig að úrvinnsla skýrslunnar tók lengri tíma en skipulag matsins gerir ráð fyrir. Að sögn skólastjóra voru aðstæður í skólanum að mörgu leyti sérstakar á þessu skólaári (svo sem langvarandi veikindi og fráfall innan starfsmannahópsins) sem að hans mati hafði áhrif á ýmsa þætti skólastarfs.

Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

## Lækjarskóli

### Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Lækjarskóli hefur starfað frá árinu 1877 er prófastshjónin í Görðum komu á fót alþýðuskóla í Hafnarfirði fyrir Álftaneshrepp allan í Flensborg.<sup>2</sup> Barnaskóli var síðan reistur við Suðurgötu árið 1902 og stækkaður 1921. Árið 1927 var nýtt skólahús við Skólabraut tekið í notkun. Byggt var við skólann í áföngum fram til 1980. Þegar Öldutúnsskóli tók til starfa árið 1961 var Barnaskóli Hafnarfjarðar nefndur Lækjarskóli. Lækjarskóli starfar nú í nýju skólahúsi sem var tekið í notkun á árunum milli 2002 og 2005. Lækjarskóli fékk menntaverðlaun forseta Íslands 2010 fyrir farsælt samhengi í fræðslustarfi.

Við skólann eru reknar þrjár sérdeildir fyrir þá nemendur úr Hafnarfirði sem þurfa sértæk námsúrræði. Á heimasíðu Hafnarfjarðar<sup>3</sup> kemur fram að starfrækt séu sérstök námsver og sérdeildir fyrir nemendur með mikla félags- og/eða námserfiðleika. Í Lækjarskóla er sérdeild fyrir nemendur með þroskafrávik í 1.-10. bekk og sérdeild fyrir nemendur með náms- og félagslega erfiðleika í 9.-10. bekk (fjölgreinadeild). Móttökudeild fyrir nýja Íslendinga er einnig sérstakt námstilboð í Lækjarskóla fyrir 10-15 ára nemendur til að styðja þá til náms í íslenskum grunnskóla í upphafi dvalar sinnar hér á landi. Yfirleitt er stefnt að því að nám í deildinni sé að hámarki tvö ár og eftir það flytjast nemendur í sinn hverfisskóla. Stöku undantekningar eru á þessu. Nýir Íslendingar í 1.-4. bekk fara beint í sinn hverfisskóla.

2 Lækjarskóli - 130 ára afmælisrit.

3 Heimasíða Hafnarfjarðar, sérfræðiþjónusta grunnskóla. <http://www.hafnarfjordur.is/thjonusta/skolar-fraedslusvid/grunnskolar/serfraedithjonusta/#>



## Stefna skólans

Hornsteinar Lækjarskóla eru: Ábyrgð, virðing og öryggi.

Markmið Lækjarskóla koma fram í starfsáætlun skólans og eru:

- Að Lækjarskóli leggi grunn að góðum þroska, framhaldsmenntun, starfi og símenntun nemenda allt þeirra líf.
- Að allir nemendur njóti alhliða menntunar við hæfi hvers og eins, þroska og áhugasviðs.
- Að lagður sé metnaður í fagleg vinnubrögð.
- Að skólinn sé lifandi, sveigjanlegur og í góðum samskiptum við grenndarsamfélag og umhverfi.
- Að allir nemendur njóti félagslífs og hafi tækifæri til að auka félagsþroska sinn í samstarfi Lækjarskóla og félagsmiðstöðvarinnar Vitans.
- Að skólinn sé, eftir því sem við verður komið, í tengslum við náttúru, atvinnulíf og menningu þjóðarinnar.
- Að vinnudagur nemenda skiptist með ákveðnum hætti í bóklegt nám, verk- og listnám, íþróttir, félags- og tómstundanám.

Skólastjóri Lækjarskóla og bæjarstjóri Hafnarfjarðar hafa gert með sér samning um árangursstjórnun þar sem áhersla er lögð á þróunarstarf og umbótaferli. Í starfsáætlun Lækjarskóla árið 2013-2014 er lögð áhersla á stefnumótandi hlutverk skólans. Stefnumörkun Lækjarskóla endurspeglast í stefnukorti Lækjarskóla og í markmiðum ársins 2014. Áhersluatriði Lækjarskóla 2013-2014 eru:

1. Árangursstjórnun, virkjun allra starfsmanna.
2. Sjálfsmat og eftirfylgni.
3. SMT, áframhaldandi innleiðing og eftirfylgni.
4. Innleiðing lestrarþjálfunaraðferðarinnar PALS.
5. Skima breytingu á þörf fyrir sérkenndu frá yngstu stigum til eldri stiga.
6. Endurskoðun námskrár og handbókar.
7. Námsmat.
8. Lýðræði og jafnrétti.
9. Heilsa og hollusta.
10. Innleiðing nýrrar námskrár.

Sérstök áhersla verður lögð á líðan nemenda sem endurspeglast í bættum árangri, líðan og starfsánægju. SMT skólafærni

Skólinn vinnur með jákvæða atferlismótun eftir SMT atferlismótunarkerfi. Því er ætlað að skapa gott andrúmsloft í skólanum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Jákvæðri hegðun er gefinn gaumur og viðbrögð starfsfólks samræmd gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Svanurinn, umbunarmiðinn, er gefinn þegar starfsmaður verður vitni að æskilegri hegðun nemanda, eins og að fara eftir reglum eða sýna framfarir. Einnig er hópum eða bekkjum gefin slík umbun. Bekkurinn fær umbun þegar fyrirfram ákveðnum fjölda svana er náð. Stoppmiði er gefinn þegar nemandi fer endurtekið ekki eftir reglum skólans og við alvarlegri brot á reglum. Þá fer sérstakt ferli af stað skv. reglum SMT.<sup>4</sup>

4 Skólavísir Lækjarskóla.

### Kórastarf í Lækjarskóla

Við skólann starfa fjórir kórar skólaárið 2013-2014. Litlíkór er fyrir nemendur í 1.-2. bekk, miðkór fyrir nemendur í 3.-4. bekk, stórikór fyrir nemendur í 5.-6. bekk og unglíngakór fyrir 7.-10. bekkjarnemendur. Kórastarf í því formi sem nú er hófst 2004 og er val nemenda.

### Starfsmenn

Fjöldi starfsmanna í skólanum er 101 þegar með eru talin hjúkrunarfræðingur á vegum heilsugæslu, skólasálfræðingur sem er starfsmaður Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og húsvörður sem er á vegum fasteignafélags. Stjórnendateymið samanstendur af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, sem einnig er deildarstjóri 5.-6. bekkjar, deildarstjóra 1.-4. bekkjar, deildarstjóra 7.-10. bekkjar, deildarstjóra fjölnáms, deildarstjóra móttökudeildar fyrir erlenda nemendur og deildarstjóra sérdeildar.

Við skólann starfa 54 grunnskólakennarar, fjórir stundakennarar, fimm þroskaþjálfar og tveir námsráðgjafar. Tveir leiðbeinendur sinna kennslu og eru með undanþágu. Stuðningsfulltrúar eru 21 og skólaliðar sex. Auk þess starfa við skólann ritari, skrifstofustjóri, bókasafns- og upplýsingafræðingur og starfsmenn í mótuneyti og íþróttahúsi. Fimm af kennurum skólans eru menntaðir í sérkennslufræðum og fimm eru íþróttakennarar. Karlmenn eru um 20% starfsmanna skólans.

Stöðugleiki er í stjórnenda- og starfsmannahópnum. Skólastjóri hefur starfað við skólann frá 2003 og lítil velta er meðal stjórnenda og kennara. Að jafnaði er um 5% starfsmanna fjarverandi á dag.

### Nemendur

Í skólanum stunda 492 nemendur nám á vorönn 2014. Lækjarskóli er heildstæður grunnskóli með 21 bekkjardeild og þrjár sérdeildir.

Stærð almennra bekkjardeilda er frá 17 til 30 nemendur í bekk. Sex bekkir eru með færri en 20 nemendur og sjö eru með fleiri en 25 nemendur.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum (án fjölgreinadeilda):

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	alls
Fjöldi nemenda	54	44	36	53	51	37	39	59	48	56	477
Bekkardeildir	3	2	2	2	2	2	2	2	2	2	21
Einnig skráð í sérdeild fyrir þroskaraskanir	2	0	1	3	0	1	3	5	2	5	22
Einnig skráð í móttökudeild	x	x	x	x	3	1	2	2	4	3	15
Fjölgreinadeild, <b>ekki</b> skráð í fjölda almennra deilda	x	x	x	x	x	x	x	x	4	11	15

29% nemenda fær skilgreinda sérkennslu og er með einstaklingsnámskrá. 107 nemendur eru í almennri sérkennslu og að hluta er nám 22 nemenda undir handleiðslu þroskaþjálfara.

20 nemendur fá kennslu í íslensku sem öðru máli en nemendur af erlendum uppruna eru 75, eða um 15%.

Rúmlega 30 nemendur taka bóknáms- og iðnnámsáfangu við framhaldsskóla. Flestir stunda enskunám (11) og stærðfræði (12).

## Árangur náms

### Samræmd próf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs svo hægt er að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60 þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

Frammistaða nemenda í fjórða bekk hefur verið sveiflukennd síðustu sjö árin og þá sérstaklega í stærðfræðinni þar sem spönn einkunna síðustu sjö árin er um 5,6 stig. Þegar einkunnir eru teknar saman fyrir síðustu sjö árin sést hvernig frammistaða í íslensku er um 0,30 stigum yfir landsmeðaltali á meðan frammistaða í stærðfræði er um 0,60 stigum undir landsmeðaltali. Dreifing einkunna fyrir hvert ár er undir dreifingu á landsvísu að undanskildum árunum 2007 og 2008 í stærðfræði sem bendir til einsleitari færni nemenda í árganginum.

4. bekkur	Íslenska			Stærðfræði		
	Ár	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi
2007	31,21	7,27	33	31,10	10,13	39
2008	31,66	9,89	35	28,89	12,42	37
2009	28,76	9,35	34	27,58	9,26	36
2010	29,14	5,69	29	26,71	7,02	31
2011	29,74	9,20	34	32,35	9,89	34
2012	32,29	9,27	41	29,48	7,11	44
2013	29,25	8,06	52	28,76	7,34	50
Öll árin	30,30	8,55	258	29,29	9,18	271

Frammistaða í sjöunda bekk síðustu sjö árin er sveiflukennd rétt eins og í tilfelli fjórða bekkjar. Spönn frammistöðu í íslensku þegar síðustu sjö ár eru tekin saman er 6,1 stig en í stærðfræði er hún um 5,6 stig. Þegar frammistaða síðust sjö árin er tekin saman sést að hún er um einu stigi undir landsmeðaltali í íslensku en um hálfu stigi undir landsmeðaltali í stærðfræði. Dreifing einkunna síðustu sjö árin er í flestum tilfelli minni en á landsvísu að undanskildum árunum 2011 og 2012 í stærðfræðinni og árinu 2012 í íslensku.

7. bekkur	Íslenska			Stærðfræði		
	Ár	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi
2007	26,18	8,53	40	28,24	7,94	41
2008	31,76	8,67	46	31,30	8,81	47
2009	27,58	8,84	36	26,14	7,85	44
2010	27,57	8,84	44	28,47	9,17	45
2011	29,36	9,61	39	31,29	11,56	38
2012	32,28	10,37	40	31,73	11,78	40
2013	28,29	7,87	31	28,97	6,19	31
Öll árin	29,08	9,18	276	29,43	9,37	286

Árangur nemenda í tíunda bekk er sveiflukenndur rétt eins og í yngri bekkjunum. Spönn einkunna í íslensku síðustu sjö árin er um 4,3 stig, í ensku er hún um 5,9 stig en mest er hún í stærðfræði eða um 7,9 stig. Þrátt fyrir talsverðar sveiflur í frammistöðu á milli ára virðist árangur í námsgreinunum þemur halda sér mjög nærri landsmeðaltali þegar síðustu sjö ár eru tekin saman. Stigadreifing er líkt og í tilfalli yngri bekkjanna minni en á landsvísu.

10. bekkur	Íslenska			Stærðfræði			Enska		
	Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
2007	30,43	10,22	49	34,92	9,05	52	31,88	9,78	51
2008	28,55	9,90	64	31,33	9,77	63	29,71	10,27	72
2009	31,11	8,59	57	30,42	7,70	60	30,31	8,07	49
2010	26,82	8,65	34	27,05	9,50	39	30,29	11,08	38
2011	31,11	6,42	44	32,07	8,20	46	32,66	7,40	44
2012	29,16	7,37	38	28,98	6,89	42	28,45	7,51	44
2013	29,20	9,73	41	27,33	9,77	45	26,79	9,97	47
Öll árin	29,59	8,93	327	30,52	9,06	347	30,00	9,40	345

### Framfarir

Framfarastuðull nemenda er reiknaður út frá einkunnum þeirra á tveimur samræmdum prófum. Þetta er gert á milli fjórða og sjöunda bekkjar annars vegar og sjöunda og tíunda bekkjar hins vegar. Þessum stuðli er ætlað að veita upplýsingar um það hvort frammistaða nemanda hafi breyst frá því hann þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Á landsvísu er skiptingin að jafnaði þannig að um 15% sýna minni framfarir en jafnaldrar þeirra, um 50% sýna svipaðar framfarir, um 15% sýna meiri framfarir og um 5% sýna talsvert meiri framfarir en aðrir. Að jafnaði er ekki hægt að reikna framfarastuðla um 15% nemenda ár hvert vegna gagnaskorts.

Þegar framfarastuðlar í íslensku fyrir nemendur í sjöunda bekk Lækjarskóla eru teknir saman fyrir síðustu sjö ár sést að 43,9% nemenda sýnir svipaðar framfarir og almennt gerist á landsvísu, 10,4% nemenda sýna meiri framfarir en almennt gerist, 5,8% sýna talsvert meiri framfarir og 14,6% sýna minni framfarir. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 25,3% nemenda.

Þegar horft er á stærðfræðina sýna 52,1% svipaðar framfarir og jafnaldrar þeirra á landsvísu. 10,4% sýna meiri framfarir en almennt gerist, 5,2% sýna talsvert meiri framfarir og 7,6% sýna minni framfarir. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla í stærðfræði fyrir 24,7% nemenda.

Þegar kannaðir eru framfarastuðlar nemenda í tíunda bekk í íslensku sýna 41,7% nemenda svipaðar framfarir og aðrir, 13,4% sýna minni framfarir, 10,6% sýna meiri framfarir og 3,5% sýna talsvert meiri framfarir en aðrir sem tekið hafa prófið á sama tíma. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 30,9% nemenda í íslensku.


Í stærðfræði sýndu 44,5% svipaðar framfarir og aðrir, 11,3% sýndu minni framfarir, 12,9% sýndu meiri framfarir og 3,9% sýndu talsvert meiri framfarir en jafnaldrar sýnir á landsvísu. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 27,4% nemenda í stærðfræði.

### Þátttaka

Á landsvísu eru að jafnaði færri en 10% af heildarnemendafjölda undanþegnir próftöku. Þegar upplýsingar um undanþágur eru kannaðar þrjú ár aftur í tímann fyrir árgangana þrjá sem taka samræmd próf sést að árin 2011 og 2013 voru undanþágur 8% en árið 2012 voru 15% nemenda undanþegnir frá prófi. Við nánari athugun kom í ljós að undanþáguskráningar er hlutfallslega flestar hjá tíunda bekk og voru 17% árið 2011, 19% árið 2012 og 11% árið 2013.

## PISA

PISA er alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. PISA prófun fer fram á þriggja ára fresti. Niðurstöður skóla er birtar í ytra mati þegar fjöldi nemenda í árgangi er 25 eða fleiri. Í Lækjarskóla tóku 43 nemendur PISA prófið 2012.



Nemendur Lækjarskóla sýna betri árangur á PISA 2012 en landsmeðaltal í öllum þremur greinum sem metnar eru.

## Lesskimun

Skólinn nýtir Leið til læsis lesskimun til að fylgjast með frammistöðu nemenda í lestri.

Þegar matið var unnið var árangur nemenda í 1.-3. bekk í nýjustu eftirfylgniprófum eftirfarandi: frammistaða 77% nemenda í 1. bekk sem tóku Ltl-skimun var í og yfir meðallagi sem er góður árangur miðað við samanburðarhóp.

Frammistaða 50% nemenda í 2. bekk og 51% nemenda í 3. bekk sem tóku Ltl-skimun var í og yfir meðallagi sem er slakari árangur en hjá samanburðarhópi jafnaldra.

## Starfstími

Árlegur starfstími skólans er samkvæmt skóladagatali 2013-2014 frá skólaetningu 22. ágúst til skólaslita 6. júní. Starfsdagar kennara á tímabilinu eru fimm og átta utan þessa tíma. Vetrarfrí í skólanum eru fjórir dagar.

Skóladagar nemenda eru alls 180. Þar af eru 170 kennsludagar og tíu dagar sem flokkast undir viðburði, svo sem skólaetning og skólaslit, foreldradagar, prófadagar, þemadagar, litlu jólin, öskudagur og árshátíð.

Vikulegur kennslutími nemenda í 1.-7. bekk er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Samkvæmt stundaskrá 8. bekkjar er vikulegur kennslutími 37 bundnar kennslustundir og ekkert val, í 9. og í 10. bekk er bundinn kennslutími, kjarnastundir alls 32 kennslustund og fimm tímar í vali. Kennslutími í 8., 9. og 10. bekk er því 37 kennslustundir á viku sem er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.

## Sérfræðiþjónusta

Skólinn sækir sérfræðiþjónustu og ytri ráðgjöf fyrir starfsfólk til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Við skólann starfar námsráðgjafi og þar er sálfræðingur í hlutastarfi og einnig er sérkennsluráðgjafi skólaskrifstofu ráðgjafi sérdeildanna. Eftir því sem fram kemur í skýrslu móttökudeildar frá síðasta skólaári fær deildin ráðgjöf frá kennsluráðgjafa í kennslu erlendra nemenda.

## Niðurstöður

### Svið I - Stjórnun

Í skólustefnu Hafnarfjarðar kemur fram að markmið hennar er:

*að draga fram þau áhersluatriði í uppeldi og menntun sem skólasamfélagið í Hafnarfirði vill hafa í brennidepli. Þessi atriði skírskota til sögulegrar arfleifðar, varðveislu siðferðilegs gildismats samfélagsins og hugsunar til framtíðar. Skólastarf þarf að mæta þörfum barna, stuðla að vellíðan þeirra og hamingju. Tilgangur skólastarfs er að styðja og efla börn til að takast á við framtíðarverkefni sín og skyldur í síbreytilegu lýðræðislegu þjóðfélagi með því að bjóða þeim nám við hæfi (hafnarfjordur.is/Skólar og frístundir).*

Einkunnarorð Lækjarskóla eru: Ábyrgð - Virðing - Öryggi. Á heimasíðu skólans eru áherslur, stefna og markmið Lækjarskóla tilgreind:

*Nemendur Lækjarskóla eru námsfúsir, dugmiklir og iðnir, starfsmenn eru metnaðarfullir og samhentir. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra og nemendur. Í Lækjarskóla ríkir góður starfsandi og starfsmannastefna byggir á öflugri mannauðsstjórnun.*

Stjórn skólans byggir á því sem fram kemur í lögum um grunnskóla þar sem segir:

*Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins (7. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008).*

Í aðalnámskrá grunnskóla segir:

*Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafli 10.1).*

### Fagleg forysta

#### Stjórnandinn sem leiðtogi

Skólastjóri Lækjarskóla hefur gert samning við bæjarstjóra Hafnarfjarðar um árangursstjórnun þar sem áhersla er lögð á þróunarstarf og umbótaferli. Stefnumótun er í höndum stjórnenda, að sögn skólastjóra. Stefnumörkun skólans endurspeglar í stefnukorti og markmiðum fyrir skólaárið 2013-2014.

Mikil vinna var á sínum tíma lögð í innleiðingu á agakerfinu SMT sem hefur verið í notkun í skólanum sl. 10 ár og allir starfsmenn tóku þátt í innleiðingu þess. Að sögn skólastjóra hefur agakerfið aukið jákvæðni starfsmanna en það hefur einnig þróast og fest sig í sessi þannig að „nú er umbunað fyrir aðra hluti en fyrst“. Áhrif SMT og einkenni eru sýnileg í skólanum.

Rætt var við skólastjóra í viðtali og við aðra stjórnendur, þ.e. aðstoðarskólastjóra og stjórnendur deilda í rýnihópi. Allir leggja þeir mikla áherslu á samskipti við nemendur og á að menntun og velferð nemenda sé þeim leiðarljós í starfinu. „Stefna mín er að útskrifa glaða, káta krakka og að þeim líði vel á hverjum degi“, sagði skólastjóri í viðtali, „...og um leið að undirbúa þau á eins fjölbreytilegan hátt og við getum fyrir framtíðina“. Sömuleiðis leggja stjórnendur áherslu á góð og regluleg samskipti við foreldra. Skólastjóri segist aðhyllast dreifstýringu og hefur afhent deildarstjórum vald yfir sínum verkefnum en nefndi einnig að hann sæi þörf fyrir að stíga út úr því og taka af skarið hvað varðar tiltekna þætti. Í starfsmannakönnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir sl. vor mældist faglegur stuðningur skólastjóra við kennara (ráðgjöf, virkni, hvatning og frumkvæði) lægri en landsmeðaltal (4,27 á mótí 5).

Stjórnendur heimsækja skólastofur eftir því sem tilefni gefst en fylgjast ekki markvisst með námi og kennslu með heimsóknum eða veita kennurum endurgjöf á störf sín. Þeir eru þó duglegir að hrósa, að því er fram kom í rýnihópi kennara, og sýna kennurum mikið traust: „maður getur gert eins og maður vill og er treyst“ en „deildarstjóri vill vita hvað maður er að gera“.



Þeir aðilar sem rætt var við í rýnihópum þekkja einkunnarorð skólans en foreldrar í rýnihópi sögðu að allar skólastofnanir hafi svipuð orð um starfið án þess að það breyti miklu.

#### Styrkleikar

- Stefnumörkun skólans endurspeglast í stefnukorti og markmiðum fyrir skólaárið 2013-2014.
- Allir stjórnendur leggja mikla áherslu á góð samskipti við nemendur og foreldra.

#### Tækifæri til umbóta

- Stjórnendur fylgist með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf og hvatningu.
- Skýra merkingu einkunnarorða skólans fyrir foreldrum.

#### Stjórnun stofnunar

Stjórnunarteymi Lækjarskóla samanstendur af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra sem einnig er deildarstjóri 5.-6. bekkjar, deildarstjóra 1.-4. bekkjar, deildarstjóra 7.-10. bekkjar, deildarstjóra fjölgreinanáms, deildarstjóra móttökudeildar fyrir erlenda nemendur og deildarstjóra sérdeildar. Samkvæmt gögnum frá skólanum er stefnt að vikulegum fundum stjórnendateymis. Í rýnihópi millistjórnenda kom fram að sérdeildirnar hafa nokkurt sjálfstæði innan skólans og hafa í mörgum málum bein samskipti við skólaskrifstofu.

Foreldrar telja skólanum mjög eða frekar vel stjórnað, eða 96% svarenda í foreldrakönnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir í febrúar 2013. Foreldrar í rýnihópi og í skólaráði sögðu að gott aðgengi væri að stjórnendum skólans og að vel sé unnið að úrlausn mála. Fram kom hjá starfsmönnum að skólastjóri hafi sýn sem geri skólann sérstakan og sveigjanlegan en einnig kom fram að mál séu stundum lengi í vinnslu.

Ánægja starfsmanna með stjórnun skólans (hvatningu, hrós, traust o.fl.) mældist í starfsmannakönnun Skólapúlsins sl. vor ívið lægri en á landsvísu (4,9 á móti 5 sem er landsmeðaltal) og ánægja starfsfólks með upplýsingastreymi er sömuleiðis lægri (4,39).

Skipurit liggur fyrir og endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar í skólanum. Deildarstjórar hafa hver sitt verksvið og eru næstu yfirmenn kennara og starfsmanna í sinni deild eða aldurstigi og funda reglulega með þeim. Skólaliðar í rýnihópi sögðu aðstoðarskólastjóra vera sinn næsta yfirmann sem er ekki í samræmi við skipurit skólans. Starfslýsingar allra starfsmanna liggja fyrir í starfsmannahandbók, skráning á sérhæfingu starfsmanna eftir starfsheitum hefur verið gerð og kennarar sinna kennslu miðað við sérhæfingu og menntun. Fram kom í rýnihópi starfsmanna að vel hafi verið tekið á móti nýjum starfsmönnum sl. haust. Lýsingu á móttöku nýrra starfsmanna er að finna í starfsmannahandbók en hana þyrfti að gera ítarlegri til að gera gott verklag sýnilegt.

Starfsþróunarsamtölu reglulegskv. upplýsingum sem framkoma í rýnihópum. Í starfsmannakönnuninni sem gerð var sl. vor sögðust tæp 70% starfsmanna hafa farið í starfsmannasviðtal á sl. 12 mánuðum sem er sama hlutfall og á landsvísu. Af þeim sem hafa farið í starfsmannasamtal telja tæp 70% það hafa verið gagnlegt. Starfsánægja starfsmanna mælist aðeins undir meðaltali á landsvísu í könnun Skólapúlsins 2012-2013 (4,65 miðað við landsmeðaltal 5) og sömuleiðis starfsandi (4,42). Einelti meðal starfsfólks mældist í sömu könnun ívið meira en á landsvísu og meira meðal annarra starfsmanna en í kennarahópnum.

Hafnarfjarðarbær hefur sett fram jafnréttisstefnu sem nær til allar stofnana og starfsmanna bæjarins. Í starfsmannahandbók Lækjarskóla er sett fram jafnréttisstefna þar sem m.a. kemur fram að leitast sé við að gæta fyllsta jafnréttis milli einstaklinga og í sjálfsmatsskýrslu segir að árlega skuli gerð aðgerðaráætlun í jafnréttismálum.

Verið er að innleiða nýtt skjalastjórnunarkerfi og er innleiðingin langt á veg komin, að sögn skólastjóra. Allir starfsmenn undirrita skjal um þagnarskyldu og trúnað, gætt er að trúnaðarupplýsingum um



nemendur og ítarlega er fjallað um meðferð upplýsinga í starfsmannahandbók.

Aðgengi að stjórnendum er gott að mati kennara og reglulegir fundir eru með deildarstjórum. Starfsmenn í rýnihópi sögðust fá hrós og hvatningu frá sínum næsta yfirmanni.

#### Styrkleikar

- Stjórnendateymi er fjölskipað og verkaskipting milli þeirra skýr.
- Starfsmannahandbók inniheldur gagnlegar upplýsingar, m.a. skipurit og starfslýsingar allra starfsmanna.
- Unnið er eftir jafnréttisstefnu og leitast við að gæta fyllsta jafnréttis milli einstaklinga.
- Unnið er eftir skjalastjórnunarkerfi og verklag um meðferð trúnaðarupplýsinga liggur fyrir.
- Foreldrar telja skólanum mjög eða frekar vel stjórnað, skv. foreldrakönnun 2013.
- Að mati foreldra í rýnihópi er aðgengi að stjórnendum gott og þeir vinna vel að úrlausn mála.

#### Tækifæri til umbóta

- Bæta upplýsingastreymi til starfsmanna.
- Gera ítarlegri lýsingu á verklagi við móttöku nýrra starfsmanna.
- Skýra stöðu skólaliða í skipuriti.
- Vinna að aukinni starfsánægju og góðum starfsanda.
- Vinna markvisst gegn einelti í starfsmannahópnum.

#### Faglegt samstarf

Framkvæmd skólastefnu skólans er rædd reglulega á starfsmannafundum. Fundaáætlun er sett upp fyrir skólaárið, fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar. Mikið samstarf er milli kennara sem kenna saman í árgöngum um framkvæmd náms og kennslu. Yfirleitt gengur samstarfið vel að sögn kennara í rýnihópi, en þó sáust í vettvangsathugunum dæmi um að innan árgangs væru kennsluhættir ólíkir milli bekkja. Minna samstarf er á milli kennara sem kenna á ólíkum aldurstigum og mætti efla tengslin þar á milli að mati kennara í rýnihópi. Kennarar segjast hafa sveigjanleika í skipulagi náms og kennslu og finna að þeim er treyst.

Samstarf er milli grunnskóla í Hafnarfirði undir stjórn skólaskrifstofu um endurskoðun skólanámskrár til samræmis við nýja aðalnámskrá. Í skólastefnu Hafnarfjarðar (2009) er lögð áhersla á samstarf milli skólastiga. Eitt af markmiðum Lækjarskóla er að skólinn sé virkur í tengslum við aðra skóla og önnur skólastig en framkvæmdinni er ekki gerð skil í skólanámskrá, né hefur þetta markmið verið metið undanfarin ár. Samstarf við leikskóla er skráð, en kemur ekki fram í skólanámskrá. Samstarf við framhaldsskóla felst aðallega í almennum kynningum á námsbrautum fyrir nemendur en meiri samvinna er við framhaldsskóla vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning í námi. Gerðar eru tilfærsluáætlanir við skil grunnskóla og framhaldsskóla fyrir nemendur með sérstakar þarfir í námi.

Í rýnihópi foreldra koma fram að tónlistarskólinn þyrfti að vera tengdari skólastarfinu og meira samstarf á milli skólans og hans, t.d. þannig að börn sem eru að læra á hljóðfæri séu í meira mæli beðin um að koma fram í skólanum.

#### Styrkleikar

- Fundaáætlun er sett upp fyrir skólaárið, fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar.
- Mikið samstarf er milli kennara sem kenna saman í árgöngum um framkvæmd náms og kennslu.

- Samstarf er milli grunnskóla í Hafnarfirði undir stjórn skólaskrifstofu um endurskoðun skólanámskrár til samræmis við nýja aðalnámskrá.
- Gerðar eru tilfærsluáætlanir við skil grunnskóla og framhaldsskóla fyrir nemendur með sérstakar þarfir í námi.

#### Tækifæri til umbóta

- Koma á auknu samstarfi milli kennara á ólíkum aldurstigum.
- Æskilegt er að tilhögun samstarfs við önnur skólastig sé skráð og aðgengileg.
- Auka samstarf við tónlistarskólann.

#### Skólaþróun

Símenntunar- og skólaþróunaráætlun Lækjarskóla fyrir skólaárið 2013-2014 liggur fyrir við matið. Áætlunin er gerð innan þess ramma sem fræðsluþjónusta Hafnarfjarðar leggur fram. Ekki eru skýr tengsl milli símenntunaráætlunar og þróunar- og umbótastarfs í skólanum eins og það birtist í umbótaverkefnum.

Markmið símenntunar skólans er m.a. að efla starfsmenn í starfi, efla sérhæfni stjórnenda og styrkja þekkingu kennara hvað varðar kennslugreinar, sérgreinakennslu og sérkennslu. Tilgreind eru tíu starfsmarkmið til næstu þriggja ára sem ná yfir bæði eldri þróunarverkefni, s.s. að viðhalda SMT-agakerfinu og byrjendalæsi, og innleiðingu nýrra verkefna, s.s. Olweusarverkefni gegn einelti og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Fram kemur hvaða sameiginleg fræðsla er áætluð á skólaárinu fyrir starfsmenn í smærri og stærri hópum til að uppfylla þessi markmið. Ekki kemur fram í áætluninni hvernig einstaklingar sækja sér símenntun en í starfsmannahandbók kemur fram að um það sé rætt í starfsþróunarsamtölum.

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir sl. vor mældist símenntunarþörf kennara svipuð og að landsmeðaltali en 64% hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði (60% á landsvísu). Aðspurðir um hvað hafi hindrað þátttöku í símenntun sögðu þátttakendur í könnuninni helstu ástæður vera of mikinn kostnað (20%), of lítið svigrúm vegna vinnutíma (20%) og að ekki voru í boði neinir áhugaverðir kostir (20%).

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir sl. vor mælist „Virk samvinna um skólaþróun og umbætur“ marktækt lægri en að landsmeðaltali (3.9 á mótí 5). Matið er byggt á sex spurningum um samskipti starfsfólks um aukna þekkingu, mikilvægi skólaþróunar, frumkvæði að endurmenntun o.fl. Ekki er að finna á heimasíðu skólans upplýsingar um skólaþróunarverkefni eða símenntun. Í viðtali við skólastjóra lýsti hann þróunarverkefninu „Ég er til“ og í þróunaráætlun kemur fram að unnið hefur verið að Comeníusar-verkefni í skólanum.

#### Styrkleikar

- Símenntunar- og skólaþróunaráætlun Lækjarskóla fyrir skólaárið 2013-2014 liggur fyrir við matið.

#### Tækifæri til umbóta

- Birta á heimasíðu skólans upplýsingar um skólaþróunarverkefni sem unnið er að og um markmið símenntunar.
- Auka þátttöku og virkni starfsfólks í skólaþróun og umbótum.
- Skilgreina leiðir til að koma til móts við símenntunarþarfir einstaklinga.

## Stefnumótun og skipulag

### Starfsáætlun og skólanámskrá

Í aðalnámskrá grunnskóla segir að hver skóli skuli birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun. Í Lækjarskóla eru flestar þær upplýsingar sem ætlast er til að skólinn birti í starfsáætlun og skólanámskrá að finna í skjölum á heimasíðu skólans þó það sé undir öðrum heitum en tilgreint er í aðalnámskrá. Í Skólavísi er að finna ýmsar almennar upplýsingar um skólastarfið ásamt lýsingu á grunnþáttum menntunar. Í skólanámskrá er fjallað um markmið, námsleiðir, námsgögn og námsmat í hverri námsgrein eftir árgöngum. Kennsluáætlanir birtast einnig á heimasíðu og þar er gerð grein fyrir hvernig viðfangsefni hverrar námsgreinar skiptast niður á vikur á hvorri önn fyrir sig. Í sjálfsmatskýrslu/starfsáætlun er fjallað um skólann almennt, sögu hans, stefnu og skipulag. Skipurit og stefnukort eru birt, greint er frá markmiðum skólans og hvernig meta á einstaka þætti skólastarfsins. Starfsmannahandbók með ítarlegum upplýsingum um skólastarfið liggur fyrir við matið en hún er ekki birt opinberlega.

Skólanámskráin, þ.e. greinanámskrár, er endurskoðuð reglulega af kennurum, að því er fram kom í rýnihópi þeirra. Kennarar í bæjarfélaginu eru einnig að vinna saman að endurskoðun námskrár og aðlögun að nýrri aðalnámskrá. Aðkoma foreldra að stefnumótun felst í því að skólanámskrá er kynnt fyrir skólaráði og stefnumótandi ákvarðanir lagðar fyrir ráðið, að því er fram kom í rýnihópi skólaráðs.

### Styrkleikar

- Miklar upplýsingar liggja fyrir um skólastarfið og flestar eru birtar á heimasíðu skólans.

### Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að gera upplýsingar aðgengilegri á heimasíðu með því t.d. að fylgja ábendingum aðalnámskrár um hvar þær birtast.
- Auka samstarf allra hagsmunaaðila skólans um stefnumótun og námskrágerð.

### Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími allra árganga í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Þó skal á það bent að námstími nemenda skerðist við það að íþrótt- og sundtímar liggja að bóklegum tímum án hlés. Kennslustund í þessum greinum lýkur á sömu mínútu og næsta kennslustund hefst þannig að annar eða báðir tímar skerðast um allt að 20 mínútur, sem er sá tími sem það tekur nemendur að fara á milli. Miðað við stundatöflur bekkja koma þessar aðstæður upp að lágmarki einu sinni í viku, víða tvisvar og í sumum bekkjum þrisvar í viku. Námstími nemenda skerðist því um 20-60 mínútur á viku vegna þessa. Við þessu verður að bregðast og skipuleggja stundatöflu þannig að námstími nemenda skerðist ekki.

Stundatafla nemenda er samfelld og frímínútur í 20 mínútur milli 2. og 4. tíma hjá öllum nemendum og matarhlé/frímínútur í 40-50 mínútur. Að auki eru 10 mínútna frímínútur milli 4. og 5. tíma hjá 1.-7. bekk og milli 7. og 8. tíma á unglingsstigi þegar skóladagur er svo langur. Bent skal á að seinni frímínútur að morgni nýtast lítið til útvistar þar sem það tekur tíma fyrir nemendur að fara út og koma inn aftur og þá tekur við stakur tími fram að hádegishléi sem nýtist heldur ekki sem skyldi, eins og sást í vettvangsathugunum.

List- og verkgreinar eru kenndar í svokölluðum smiðjum, nema tónmennt sem á fastan vikulegan tíma á töflu nemenda upp í 8. bekk. Skólinn nýtir þannig svigrúm viðmiðunarstundaskrár til að þessar greinar hafi aukið vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil og samfella myndist í vinnu nemenda. Almenn ríkir ánægja meðal kennara og nemenda með þessa tilhögun. Smiðjur eru í fjóra tíma á viku í 9 vikur í hverri grein nema hjá 1. bekk og 8. bekk, en þar er tímabilið 6 vikur og er það að sögn vegna fjölmennra árganga.

Heildartími nemenda í smiðjum og tónmennt í 1.-4. bekk er aðeins yfir viðmiðum í aðalnámskrá (alls 920 mín. í stað 900 mín. á viku). Aftur á móti er tími nemenda á miðstigi í list- og verkgreinum undir viðmiðum aðalnámskrár eða alls 660 mín. á viku í stað 840 mín. Bæta þarf nemendum þessa skerðingu á list- og verkgreinatímum.

Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar í 9. og 10. bekk í 5 tíma á viku hvort ár, en ekkert val er í 8. bekk og ekki er heldur boðið upp á val í fjölgreinadeild. Samtals er vikulegur tími í vali í unglingsdeild 400 mínútur en samkvæmt viðmiðunarstundaskrá skal heildartími valgreina nema 870 mínútum á viku í 8.-10. bekk. Töluvert vantar því upp á að valtími nemenda sé uppfylltur miðað við nýja aðalnámskrá. Val nemenda í öðrum árgöngum er ekki skilgreint á töflu en miðað við vettvangsathuganir þarf einnig að efla þennan þátt hjá yngri nemendum.

Nám utan skóla og þátttaka í atvinnulífi er metið til valgreina sé eftir því óskað. Dæmi um það er m.a. þátttaka nokkurra nemenda í svokölluðu innherjaverkefni.

#### Styrkleikar

- Skóladagurnemendaerheidstæðurogvikulegurnámstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar í 9. og 10. bekk.

#### Tækifæri til umbóta

- Endurskoða skipulag seinni frímínútna í 1.-7. bekk.
- Koma í veg fyrir að námstími nemenda skerðist vegna sunds og íþróttatíma sem liggja að öðrum tímum án hlés.
- Tryggja að smiðjufyrirkomulag á miðstigi uppfylli tilskilinn tímafjöldi í list- og verkgreinum.
- Fjölga tímum í valgreinum á unglingsstigi fyrir alla árganga.
- Auka val nemenda í námi.

#### Verklagsreglur og áætlanir

Í Lækjarskóla er notað svokallað SMT-agakerfi eða jákvæð skólafærni sem byggir á þeirri hugmyndafræði að skapa gott andrúmsloft í skólanum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks, eins og segir á heimasíðu skólans. Skólinn var einn af þeim fyrstu sem innleiddu þetta kerfi. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun (Heimasíða. SMT-skólafærni). Mótaðar eru reglur sem gilda á hverju svæði skólans og einnig er í hverri viku valin regla vikunnar sem er kynnt og rædd sérstaklega með nemendum. Reglurnar eru uppi við mjög víða í skólanum en misjafnt er hvernig kennarar nota þær til að stýra hegðun. Í mörgum bekkjum er svanurinn notaður til að umbuna fyrir góða hegðun og safnar þá bekkurinn fyrir sameiginlegri umbun. Að mati skólastjóra breytti það viðhorfi starfsmanna að færa reglur í þennan jákvæða búning. Samkvæmt mælikvarðablaði í sjálfsmatsskýrslu skólans er aðeins 64% þátttakenda í könnun Skólapúlsins á síðasta ári ánægðir með SMT-reglurnar en voru 80% árið á undan.

Foreldrar telja aga í skólanum hæfilegan, eða 86% svarenda í foreldrakönnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir í febrúar 2013. Það er nokkuð hærra hlutfall en á landsvísu (77%).

Skólareglur eru tengdar hornsteinum skólans: Ábyrgð - Virðing – Öryggi. Reglur og viðurlög eru í ágætu samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins. Við brot á skólareglum er gefinn stopp-miði og við ítrekuð brot fer af stað ferli viðbragða skv. reglum SMT. Skólinn hefur mótað sér eineltisáætlun þar sem kemur fram að einelti sé ekki liðið í skólanum og að á því verði tekið ef það kemur upp samkvæmt ferilslýsingu. Áætlunin er birt á heimasíðu skólans. Í

foreldrakönnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir í febrúar 2013 svara rúmlega 13% að barn þeirra hafi orðið fyrir einelti á skólaárinu. Umfang eineltis er heldur meira en í sambærilegum skólum skv. sömu könnun. Af þeim sem svöruðu að barnið hefði orðið fyrir einelti töldu tæp 60% að skólinn hefði tekið mjög eða frekar vel á eineltinu en um 40% mjög eða frekar illa.

Forvarnaráætlun í fíknivörnum, áfengis- og tóbaksvörnum er ekki að finna í þeim skjölum sem liggja fyrir við matið en fyrir liggur áætlun um viðbrögð við áföllum.

Greinargóð móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir hefur verið gerð. Þar kemur m.a. fram að inntökuteymi er fyrir sérdeild við skólann og settar hafa verið reglur til að meta umsóknir í deildina. Upplýsingar eru á heimasíðu um stoðþjónustu skólans, bæði almenna sérkennslu og sérúrræði sem starfrækt eru við skólann, og þar er gerð grein fyrir markmiðum og þjónustu sem veitt er. Gert hefur verið yfirlit yfir skimanir og kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð. Yfirlitið er ekki birt í gögnum skólans eða á heimasíðu.

Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og nemendur með annað móðurmál en íslensku hefur verið gerð en á heimasíðu er ekki að finna upplýsingar á erlendum tungumálum fyrir foreldra. Í rýnihópaviðtali við stjórnendur deilda kom fram að túlkþjónusta er mikið notuð til að koma til móts við foreldra barna í móttökudeild og verið er að vinna að fleiri þýðingum á skilaboðum og upplýsingum.

### Styrkleikar

- Í Lækjarskóla er notað svokallað SMT-agakerfi eða jákvæð skólafærni til að skapa gott andrúmsloft í skólanum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks.
- SMT-reglur eru virkar og sýnilegar í skólanum og ein regla er kynnt sérstaklega í hverri viku.
- Foreldrar telja aga í skólanum hæfilegan skv. foreldrakönnun Skólapúlsins.
- Skólinn hefur mótað sér eineltisáætlun þar sem kemur fram að einelti sé ekki liðið í skólanum.
- Greinargóð móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir hefur verið gerð ásamt móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og nemendur með annað móðurmál en íslensku.

### Tækifæri til umbóta

- Auka og viðhalda ánægju þátttakenda með SMT-agakerfið.
- Leita leiða til að draga úr einelti sem kemur upp í skólanum.
- Birta á heimasíðu upplýsingar á erlendum tungumálum fyrir foreldra.

## Samskipti heimila og skóla

### Skólaráð, foreldrafélag

Skólaráð fundar að jafnaði um fimm sinnum á hverju skólaári. Á heimasíðu kemur fram að ráðið starfar skv. lögum um grunnskóla og reglugerð um skólaráð. Starfið er í nokkuð föstum skorðum, að sögn þátttakenda í rýnihópi, ákveðin mál eru lögð fyrir skólaráð á ákveðnum tíma, málin eru kynnt og rædd og að mati rýnihópsins geta fulltrúar í ráðinu haft áhrif á meðferð þeirra. Nemendur koma með mál frá nemendaráði inn á fundi skólaráðs. Skólareglur hafa ekki verið lagðar fyrir núverandi skólaráð enda langt síðan þær voru mótaðar.

Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar. Þær voru birtar á heimasíðu en nýjasta fundargerðin þar er frá nóvember 2012.

Fulltrúar foreldra í skólaráði koma úr foreldrafélaginu en voru ekki kosnir af foreldrum, „ekki rétt staðið að þessu núna“, sagði þátttakandi í rýnihópi. Bakland foreldra í skólaráði er í foreldrafélaginu og í grenndarsamfélaginu, að sögn fulltrúa. Fulltrúar nemenda koma úr nemendaráði skólans og hafa

verið kosnir til þeirra starfa með lýðræðislegri kosningu. Þeir koma úr 10. bekk og eru því ekki kosnir til tveggja ára eins og gert er ráð fyrir í lögum.

Við skólann er starfandi foreldrafélag og formaður og skólastjóri eru í miklu samstarfi að sögn skólastjóra. Foreldrafélagið sér um ákveðna viðburði í skólastarfinu, s.s. jólaföndur og vorhátíð. Bekkjarfulltrúar starfa með hverri bekkjardeild og standa fyrir félagsstarfi bekkjarins tvisvar á skólaári. Stjórn foreldrafélagsins boðar fulltrúana til sameiginlegs fundar einu sinni á skólaári (Heimasíða. Foreldrar).

Verið er að undirbúa opnun svokallaðrar foreldrastofu í skólanum, að sögn skólastjóra, en þar á að vera aðstaða fyrir foreldra fyrir ýmsa starfsemi og er tilgangurinn að þetta samstarf foreldra og skóla.

#### Styrkleikar

- Skólaráð fundar reglulega, fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar.
- Foreldrafélag sér um ákveðna viðburði í skólastarfinu í samstarfi við skólann.
- Bekkjarfulltrúar í hverri bekkjardeild standa fyrir félagsstarfi bekkjarins.

#### Tækifæri til umbóta

- Birta fundargerðir skólaráðs á heimasíðu skólans.
- Efla samstarf fulltrúa foreldra í skólaráði við foreldrahópinn og tryggja lýðræðislega kosningu foreldrafulltrúa.
- Styrkja enn frekar samstarf stjórnenda skólans við foreldrafélag.

#### Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Í stefnu Lækjarskóla kemur fram að lögð er áhersla á gott samstarf við foreldra. Foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu og þar er farið yfir árangur í námi og líðan nemenda. Í foreldrakönnun Skólapúlsins (feb. 2013) sögðust 95% svarenda mjög eða frekar ánægð með síðasta foreldraviðtal sem er sama hlutfall og á landsvísu.

Tölvupóstur er mikið notaður til samskipta milli heimilis og skóla, upplýsingar um heimanám eru settar inn á Mentor og svo koma vikulega ítarlegar upplýsingar frá bekkjarkennara, að því er fram kom í rýnihópi foreldra. Enn meira samstarf er við foreldra nemenda í móttökudeild og sérdeildum með fundum og símtölum. Foreldrar eru velkomnir í skólann en nýta sér það ekki mikið, sagði í rýnihópi þeirra. Nefnt var dæmi um að á unglingastigi hafi foreldrum verið boðið á spjallfund að morgni og þótti takast vel. Í rýnihópnum kom fram að foreldrum er almennt ekki boðin þátttaka í vettvangsferðum nemenda en þó eru dæmi um slíkt í unglingadeildinni.

Foreldrar í rýnihópi sögðu námskynningar að hausti vera mikilvægan vettvang upplýsinga um skólastarfið „og svo er bara að fylgjast með heimanámi“, en þeir töldu sig ekki hafa neitt að segja um markmið námsins. Þeim fannst flestum upplýsingar frá skólanum vera nægar og aðgengilegar en höfðu ólíkar skoðanir á því hvort heppilegra sé að miðla upplýsingum með töskupósti eða tölvupósti. Einnig voru ólíkar skoðanir á heimanámi í hópnum, eitt foreldri sagði heimanámið vera „glugga inn í heim barna sinna“ og tækifæri til að hafa áhrif á þá umræðu sem fram fer í skólanum, meðan öðrum fannst „glatað“ að vinnudegi barnanna væri ekki lokið þegar heim er komið.

Heimasíðan hefur ekki verið góð upplýsingaveita að mati foreldra í rýnihópi en þeir sögðust vita að verið væri að endurnýja hana og sögðust myndu nota hana meira ef hún væri góð. Í foreldrakönnun (feb. 2013) töldu 80% svarenda upplýsingar á heimasíðu mjög eða frekar gagnlegar sem er aðeins lægra hlutfall en á landsvísu (83%). Foreldrar í rýnihópi sögðu að auðvelt væri að leita til skrifstofu skólans, deildarstjóra eða kennara ef einhverjar upplýsingar vantar.

### Styrkleikar

- Lögð er áhersla á gott samstarf milli heimila og skóla í stefnu skólans.
- 95% svarenda í foreldrakönnun 2013 voru mjög eða frekar ánægð með síðasta foreldraviðtal.
- Foreldrum í rýnihópi finnst upplýsingar frá skólanum nægar og aðgengilegar.

### Tækifæri til umbóta

- Auka tækifæri foreldra til beinnar þátttöku í námi nemenda, t.d. með heimsóknum á skólatíma.
- Auka samráð við foreldra um heimanám.
- Bæta heimasíðuna sem upplýsingaveitu fyrir foreldra.



## Svið II - Nám og kennsla

Stefna Hafnarfjarðar<sup>5</sup> í skólamállum er leiðarljós skólastarfs. Meginatriði stefnunnar eru meðal annars að koma eigi til móts við þarfir nemenda og stuðla að vellíðan þeirra og hamingju. Þeir eigi að búa við öryggi í skólastarfi, hafa aðgang að alhliða menntun við hæfi hvers og eins með fjölbreyttum viðfangsefnum sem eru í samræmi við þroska og áhuga. Grunnskólastarf skal stuðla að menntun og þroska hvers einstaklings, lögð er áhersla á að nemendum líði vel í skóla og að stuðlað sé að félags- og tilfinningaþroska og siðgæðisvitund. Kennsluhættir eigi að taka mið af þörfum einstaklinga í nútímalegu samfélagi. Nám og kennsla verði einstaklingsmiðuð og lögð áhersla á samvinnu nemenda. Í skólastefnu kemur fram að vægi list og verkgreina skuli aukið og nemendum gefinn kostur á að stunda list- og verknám umfram skyldunám innan síns skóla.

Hornsteinar Lækjarskóla samræmast áherslum í skólastefnu Hafnarfjarðar. Hornsteinarnir eru ábyrgð, virðing og öryggi. Þessir hornsteinar eru undirstaða jákvæðrar atferlismótunar sem skólinn hefur sett sér að vinna eftir í anda SMT skólafærni. Þar er unnið að þjálfun félagsfærni og hegðunarmótun með það að markmiði að skapa gott námsumhverfi.

### Nám og námsaðstæður

#### 1.1 Inntak og árangur

Stefna sveitarfélagsins kemur fram í námi og kennslu að hluta til og birtist sérstaklega í áherslu á velferð nemenda, að þeim líði vel og komið sé til móts við þarfir þeirra.

Skólinn leitast við að vera skóli án aðgreiningar og er margvíslegum þörfum nemenda sinnt á fjölbreyttan hátt. Auk sérdeildanna þriggja er það gert með almennri sérkennslu, námsráðgjöf og námsveri vegna hegðunar. Farið er yfir niðurstöður kannana og samræmdra könnunarprófa og brugðist við til að efla árangur. Fylgst er með árangri nemenda og framförum í lestri í fyrstu bekkjum skólans með skimunarprófinu Leið til læsis. Frammistaða nemenda í 1. bekk þetta skólaár er góð miðað við jafnaldra en nemendur í 2. og 3. bekk sýna heldur slakari árangur en jafnaldrar.

Skólanámskrá er opinber á heimsíðu en inniheldur eingöngu námsvísa bekkjardeilda ásamt fjölgreinadeild og umfjöllun um móttökudeild. Skólanámskrá er í endurskoðun í samstarfi við aðra grunnskóla Hafnarfjarðar. Grunnþátta menntunar gætir ekki mikið í umfjöllun í námsvísunum en þeirra er getið í Skólavísi þar sem almennar upplýsingar um skólastarf koma fram.

Vakin er athygli á fjölbreyttum hæfileikum og þeim gefinn gaumur, svo sem með fjölbreyttum viðurkenningum í 10. bekk og árangri í söngvakeppni. Hjá foreldrum kom fram að þeir vildu sjá enn meira lagt upp úr öðru en bóklegum árangri.

Samantekinn árangur nemenda skólans á samræmdum könnunarprófum er rétt um eða yfir landsmeðaltali síðastliðin sjö ár. Frammistaða er sveiflukennd milli ára hjá öllum þremur árgöngunum sem prófið þreyta. Árangur nemenda 2013 var aðeins undir landsmeðaltali hjá öllum árgöngum og í öllum fögum. Þegar framfarastuðlar nemenda eru skoðaðir vekur athygli að ekki er hægt að reikna framfarir um 10-15% fleiri nemenda 7. og 10. bekkjar Lækjarskóla en almennt gerist vegna gagnaskorts. Undanþágur frá próftöku í 10. bekk voru nokkru fleiri en almennt gerist undanfarin þrjú ár sem getur skýrst af margbreytileika nemendahópsins.

Í könnun á líðan nemenda í Skólapulsinum kemur fram að ekki er marktækur munur á milli Lækjarskóla og landsmeðaltals hvað varðar kvíða og einelti meðal nemenda.

Árangur nemenda á PISA prófi er yfir landsmeðaltali á öllum þremur matsþáttum 2012. Mestur munur er á náttúrufræðilæsi, þar sem nemendur Lækjarskóla eru vel yfir landsmeðaltali.

#### Styrkleikar

- Stefna sveitarfélagsins birtist í áherslum skólans á velferð og líðan.
- Leitast er við að koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda.
- Nemendur sýna góðan árangur á PISA prófi.

5 Skólastefna Hafnarfjarðar, 2009.



### Tækifæri til umbóta

- Setja þarf fram upplýsingar í skólanámskrá í samræmi við viðmið í aðalnámskrá grunnskóla.
- Athuga hvað veldur því að árangur nemenda í lestri dalar frá 1. bekk í 2. og 3. bekk og bregðast við.

### 1.2 Skipulag náms og námsumhverfi

Áætlanir um nám og kennslu (námsvísar) allra bekkjardeilda, fjölgreinadeildar og móttökudeildar eru í skólanámskrá og birtar á heimasíðu skólans. Flýttival er í námskrá hvers árgangs en ekki í námskrám sérdeildanna. Í þessum námsvísu er getið um kennslustundamagn hvernar námsgreinar, markmið hennar og námsefni. Stundum er getið um námsleiðir og námsmat. Viðmið um námsmat eru ekki sett fram á samræmdan eða sambærilegan hátt milli námsgreina og blandað er saman í lokaeinkunn mati á árangri og mati á hegðun, umgengni eða vinnubrögðum. Í námsvísu eru sett fram markmið sem taka mið af námsgreinum aðalnámskrár frá 1999 og 2007. Kennsluáætlanir fyrir yfirstandandi önn eru einnig aðgengilegar á heimasíðu skólans en mikið vantar upp á að það sé fyrir öll fög og allar deildir. Námsvísar, þ.e. áætlanir um nám og kennslu, eru víða ekki uppfærðir og ekki er alltaf samræmi milli þess sem þar er sett fram og þess sem er í kennsluáætlunum vorannarinnar.

Hvorki foreldrar né nemendur sögðust nýta sér námsvísa skólanámskrár en eldri nemendur könnuðust við að hafa séð kennsluáætlanir í einstaka fögum.

Kennarar nefndu að samstarf milli árganga væri gott en sögðu að það vantaði meiri tengingu milli stiga.

Skráð og virkt samstarf er milli leik- og grunnskóla og gagnkvæmar heimsóknir. Þessi skráning er ekki birt í skólanámskrá.

Nemendur hafa val um námsgreinar í fimm stundir af 37 á viku sem er 13,5% af námstíma í 9. og 10. bekk. Valið er fjölbreytt og velja má á milli 20 mismunandi greina. Ekki er val um námsgreinar hjá öðrum árgöngum og val í tengslum við viðfangsefni eða námsaðferðir var ekki mikið sýnilegt í vettvangsathugunum. Almennt voru allir nemendur að vinna að sömu verkefnum, á sama hátt og á sama tíma. Bekkjarfundir eru ekki algengir, að sögn nemenda og kennara. Nemendasamtöl um nám og líðan eru einu sinni á önn í tengslum við foreldrafundi.

Námsumhverfi er yfirleitt vistlegt, gefur möguleika til samvinnu og styður við nám nemenda. Nemendur yngri deilda fá vikuáætlun um heimanám, á mið- og unglíngastigi er sett fyrir daglega eða í tengslum við hvert fag. Nemendur og foreldrar í rýnihópum töldu heimanám almennt vera hæfilegt en það voru skiptar skoðanir um mikilvægi og hlutverk heimanáms í foreldrahópnum. Í svörum nemenda í Skólapúlslinum kemur fram að nemendur Lækjaskóla telja mikilvægi heimanáms minna en gerist á landsvísu.

### Styrkleikar

- Umhverfi nemenda er vistlegt og styður við nám.
- Nemendur í 9. og 10. bekk hafa val um fjölbreyttar greinar.

### Tækifæri til umbóta

- Skipuleggja verður nám þannig að nemendur í 8.-10. bekk hafi val í um 20% af námstíma sínum.
- Uppfæra þarf og samræma framsetningu námsvísa í skólanámskrá.
- Hvetja foreldra og nemendur til að nota námsvísa/bekkarnámskrár og annaráætlanir markvisst í tengslum við nám nemenda.
- Æskilegt er að skilja á milli námsárangurs annars vegar og ástundunar eða hegðunar hins vegar í námsmati.

### 1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu

Kennarar sýna góða fag- og sérfræðipækkingu á þeim námssviðum sem þeir kenna. Bekkjarstjórn er almennt góð og kennarar veita leiðbeinandi endurgjöf á vinnu nemenda. Nemendur sem rætt var við báru kennurum gott orð, sögðu þá almennt útskýra vel og vera þolinmóða.

Kennsluhættir einkennast mikið af því að nemendur vinna sjálfstætt í verkefnabækur meðan kennari gengur á milli og aðstoðar hvern og einn eftir föngum. Í upphafi fer kennari yfir námsefni frá töflu, útskýrir eða segir á hvaða blaðsíðum bókar eigi að vinna. Í flestum kennslustundum sem skoðaðar voru í vettvangsathugunum voru nemendur að fást við það sama á sama tíma og á sama hátt. Samskipti nemenda og kennara eru góð og almennt er góður vinnuandi í kennslustundum. Margir kennaranna lögðu áherslu á að þögn ríki í kennslustundum og matsmenn sáu lítið af skipulögðum umræðum nemenda í milli eða milli nemenda og kennara í vettvangsathugunum. Í 72% kennslustunda almennra deilda sem metnar voru unnu nemendur alla kennslustundina einstaklingslega við námið. Sætisvinna nemenda í verkefnabækur einkennir námstímann í bóklegum greinum hjá öllum árgöngum. Námsmat, sjálfsmat nemenda eða tengsl náms og viðmiða um árangur kom lítið fram í vettvangsathugunum.

Skipulag stundaskrár er þannig hjá mörgum bekkjardeildum, að ekki er gefinn tími milli íþróttatíma og næsta tíma á eftir. Þetta leiðir til þess að kennslustundir eru skertar þegar nemendur eru í eða að koma úr íþróttatímum. Bæði er klipinn tími af sundtíma og einnig mættu nemendur allt að 25 mínútum of seint í næsta tíma eftir að þeir voru í íþróttatíma.

Upplýsingatækni er lítið notuð af nemendum við nám eða af kennurum til kennslu. Í vettvangsathugunum sást tveir nemendur nota tölvu í hluta af einni kennslustund og í einni kennslustund í sérdeild nýttu nemendur upplýsingatækni við nám.

#### Styrkleikar

- Bekkjarstjórn kennara er góð.
- Kennarar veita leiðbeinandi endurgjöf.
- Góður vinnuandi er í kennslustundum.

#### Tækifæri til umbóta

- Skipuleggja verður stundaskrá nemenda þannig að nemendum gefist nægur tími til að fara í og úr sundi og íþróttatímum.
- Efla fjölbreytta kennsluhætti og nýta möguleika upplýsingatækninnar meira til náms og kennslu.
- Auka áherslu á samræður og samskipti nemenda um námið.

### 1.4 Námsþættir og námsvitund

Nemendur vinna samviskusamlega að námi sínu og eru yfirleitt virkir við þau verkefni sem þeim eru fengin. Samskipti nemenda og kennara eru almennt mjög góð. Verkefni nemenda eru oftast þau sömu innan bekkjardeildarinnar og í vettvangsathugunum sást þeir sjaldan velja um námsaðferðir eða námsstíl. Nemendur í rýnihópi sögðust stundum hafa val um námsaðstæður, eins og að hlusta tónlist. Nám tengist áhugasviði nemenda í valgreinum hjá 9. og 10. bekk og í list- og verkgreinum. Annars eru nemendur „oftast allir að gera það sama“ eins og sagt var í rýnihópi nemenda. Nemendur sást lítið vinna saman í hópavinnu. Nemendur í rýnihópi sögðust ekki setja sér markmið í náminu eða gera eigin áætlanir. Þeir sögðust fá annaráætlanir í sumum fögum og „það sé mjög þægilegt“. Nemendur líta frekar þannig á að skipulag náms sé ekki á þeirra ábyrgð. Fáir könnuðust við að ræða einslega við umsjónarkennara um markmið náms og frammistöðu sína, nema í tengslum við foreldraviðtöl.

Í vettvangsathugunum sást að hluti unglíngastígskenndara ræðir einslega við nemendur um námið, sérstaklega í tengslum við ákveðin verkefni eins og ritgerðir.

### Styrkleikar

- Jákvæður starfsandi er einkennandi í kennslustundum.
- Virkni nemenda við verkefnavinnu er almennt góð.

### Tækifæri til umbóta

- Auka hlut nemenda í að skipuleggja og bera stigvaxandi ábyrgð á eigin námi.
- Nýta upplýsingatækni markvisst í námi og kennslu.

## Þátttaka og ábyrgð nemenda

### 2.1 Lýðræðisleg vinnubrögð

Í skólanum ríkir jákvæður andi samstarfs og virðingar. Þar eru virkar agareglur tengdar SMT skólafærni sem allir eiga að fara eftir. Reglurnar voru settar þegar skólinn vann að innleiðingu SMT fyrir tíu eða ellefu árum. Til að stuðla að jákvæðri hegðun og fyrirbyggja óþörf hegðunarbrot eru skilgreiningar á rétttri/æskilegri hegðun víða sýnilegar á svæðum skólans.

Nemendur þekkja reglur skólans og geta nefnt hvernig unnið er með þær, s.s. með leiklist og söng. Þeir tóku ekki þátt í að búa reglurnar til en eldri nemendum finnst þær vera sanngjarnar. Yngri nemendur sögðust búa til bekkjarreglur.

Nemendur telja sig geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri og sögðu að hægt væri að tala beint við skólástjórann eða fara með miða á skrifstofuna. Almennt töluðu nemendur í rýnihópum um nálægð skólástjóra og sögðu að hann legði sig fram um að kynnast þeim. Nemendafulltrúar í skólaráði eru kosnir lýðræðislega og eru virkir og fullgildir aðilar í ráðinu. Þeir hafa milligöngu um mál sem fjallað er um í nemendaráði og fara í bekki og segja frá störfum nemendaráðs og skólaráðs.

Nemendur eiga ekki fulltrúa við skipulag sjálfsmats en leitað er eftir sjónarmiðum þerra með rafrænum hætti gegnum Skólapúlsinn. Nemendur í rýnihópum könnuðust ekki við að hafa fengið kynningu á niðurstöðum kannana sem þeir taka þátt í.

### Styrkleikar

- Nemendum finnst auðvelt að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- SMT reglur sem gilda í skólanum eru virkar og öllum ljósar.
- Nemendafulltrúar eru virkir við að kynna störf sín.

### Tækifæri til umbóta

- Hafa fulltrúa nemenda með í sjálfsmatsteymi skólans.
- Kynna niðurstöður mats og kannana um skólastarfið fyrir nemendum.

### 2.2 Ábyrgð og þátttaka

Nemendur bera ábyrgð á samskiptum og hegðun og eru mjög meðvitaðir um reglur skólans. Þeir þekkja hvernig bregðast á við ágreiningi. Skólareglur eru sýnilegar víða um skólann og þær eru sanngjarnar að mati nemenda. Nemendur fá þjálfun og eru hvattir til að bera ábyrgð á eigin framkomu. Markmið nemenda í námseiningum og kennslustundum eru sett fram í kennsluáætlunum kennara. Að sögn nemenda fá þeir ekki áætlanir í öllum fögum. Þessar áætlanir eru mikið til settar fram sem yfirferðarskipulag námsefnis en þyrftu að byggja betur á markmiðum námsgreinar. Þjálfun og hvatning til að setja sér markmið og bera ábyrgð á eigin námi var ekki mikið sýnileg í vettvangsathugunum.

Foreldrar í rýnihópi töldu sig hafa möguleika á að fylgjast með námsframvindu barna sinna en kvörtuðu undan takmörkuðum upplýsingum á heimasíðu.

### Styrkleikar

- Samskipti allra í skólanum eru góð.
- Nemendum er leiðbeint um æskilega hegðun og bera ábyrgð á eigin framkomu.

### Tækifæri til umbóta

- Auka þátttöku og ábyrgð nemenda í eigin námi.
- Efla sjálfsmat nemenda og kenna þeim að meta eigin framfarir í tengslum við markmið og viðmið um árangur.
- Efla möguleika foreldra til að vera virkir í námi barna sinna með góðum upplýsingum um nám og kennslu á heimasíðu.

## Námsaðlögun

### 3.1 Nám við hæfi allra nemenda

Í mörgum rýnihópum var sérstaklega tekið fram að í skólanum ríkir viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum. Við skólann starfar fjölbreyttur starfsmannahópur og var það af mörgum viðmælendum talinn vera styrkur skólans til að geta mætt mismunandi þörfum nemenda. Skólinn er með fjölbreytta stoðþjónustu vegna námsvanda eða annars vanda nemenda. Hugað er sérstaklega að lestrarnámi nemenda í yngir bekkjum og sérstök aðstoð skipulögð út frá niðurstöðum á mati með Leið til læsis. Stuðningur við nám fer fram ýmist innan bekkja, í litlum hópum eða í sérstökum deildum.

Í almennum kennslustundum eru flestir nemendur með sama efni og fást við það á sama hátt en í einstaka tímum voru einn eða tveir nemendur með annað efni en aðrir í námshópnum. Í vettvangsathugunum kom lítið fram sem gaf vísbendingar um að áhugasvið nemenda endurspegluðust í viðfangsefnum. Flestir sem rætt var við töldu vel hugað að námsefni við hæfi ef um námserfiðleika er að ræða en foreldrar og nemendur töldu námsefnið ekki alltaf vera nógu krefjandi fyrir alla. Fram kom hjá kennurum að hugsanlega gleymdust þeir frekar sem standa sig vel en kennarar nefndu þó ýmist dæmi um leiðir sem farið er til að mæta bráðgerum nemendum.

### Styrkleikar

- Virðing er borin fyrir margbreytileika í skólastarfinu.
- Stoðþjónusta skólans er víðtæk og mætir fjölbreyttum þörfum.

### Tækifæri til umbóta

- Huga að því að verkefni séu nægilega krefjandi fyrir alla nemendur, líka bráðgera nemendur.
- Tengja mætti verkefni og viðfangsefni betur við áhuga nemenda.

### 3.2 Stuðningur við nám

Skólinn hefur stefnu um snemmtæka íhlutun, að sögn viðmælenda, en stefnan er ekki skráð í skólanámskrá, ekki er sýnilegt hvað er lagt til grundvallar snemmtækri íhlutun, hvernig staðið er að mati á þörf, hvaða viðmið gilda um íhlutun og hver íhlutunin er, ef þörf er á henni.

Nám nemenda með sérþarfir í almennum deildum er skipulagt af umsjónarmönnum sérkennslu yngri og eldri barna. Ábyrgð á stuðningi við nemendur með sérþarfir í námi er í höndum fagmenntaðra starfsmanna, kennara og þroskaþjálfara. Lestrarfærni er metin hjá nemendum 1.-3. bekkjar með skimunarprófinu Leið til læsis og eru niðurstöður notaðar við að skipuleggja sérkennslu og frekari athuganir. Að sögn sérkennara verður í framtíðinni fylgst með frammistöðu nemenda í lestri með

eftirfylgniþrófi skimunarprófsins upp í 7. bekk. Lesskimun er einnig í 9. bekk. Fylgst er með lesskilningi með stöðluðu lesskilningsprófi hjá 3.-7. bekk og brugðist við ef þarf.

Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrá og koma foreldrar að gerð hennar og endurmati. Stuðningur við nám nemenda fer fram inni í bekk, einstaklingslega eða í litlum hópum. Að mati kennara í rýnihópi tengjast sérúrræði skólans vel öllum stigum, eins og einn orðaði það „mér finnst unnið ótrúlega vel með nemendum með sérþarfir“.

Sérstök áhersla er á að mæta börnum með hegðunarvanda og er skólinn með SMT hegðunarmótandi reglur sem nemendum og starfsfólki eru vel kunnar. Við skólann er einnig námsver sem skilgreint er sem eitt af úrræðum í agaferlum skólans sem tengist SMT. Þar eru nemendur tímabundið til að ná tökum á bættri hegðun.

Um nám nemenda með sérþarfir sem eru í sérdeildum er fjallað í fjórða matsþætti.

#### Styrkleikar

- Við skólann starfar fjölbreyttur faghópur sem sinnir nemendum með sérþarfir.
- Stuðningur við nám fer fram á margvíslegan hátt á öllum stigum skólans.
- Fylgst er með framförum nemenda í lestri og brugðist við ef þarf.

#### Tækifæri til umbóta

- Gera starf sem snýr að námi nemenda með sérþarfir sýnilegra í opinberum gögnum skólans.
- Skrá og gera grein fyrir á heimasíðu hvað gert er til að meta sérstakar þarfir nemenda og gera grein fyrir viðmiðum.

## Svið III – Innra mat

### Framkvæmd innra mats

#### *Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi*

Í sjálfsmatskýrslu skólans fyrir skólaárið 2013-2014 sem hefur undirtitilinn starfsáætlun kemur fram að skólinn hefur undanfarin ár beitt árangursstjórnun (Balanced Scorecard - stefnumiðað árangursmat) við stefnumótun, markmiðssetningu og mat á skólastarfinu og gert samning við bæjarfélagið um innleiðinguna. Stefnukort er sett fram í fjórum víddum sem eru skilgreindar þannig: þjónusta (foreldrar, nemendur og samfélag), ferli (þarfir/kröfur Hafnarfjarðarbæjar ásamt hlutverki okkar), mannauður (framtíðarsýn, starfsþróun, samskipti og samvinna) og fjármál (staða Lækjarskóla gagnvart Hafnarfjarðarbæ). Í stefnukorti koma fram markmið í hverri þessara vídda og framkvæmd markmiðanna er síðan skilgreind í sérstöku korti. Við sum markmið kemur fram hvernig upplýsinga er aflað um viðkomandi þátt en framkvæmdinni er ekki lýst. Þessu ferli er einnig lýst í starfsmannahandbók en í skólanámskrá er ekki að finna umfjöllun um árangursmatið.

Hver árangursþáttur er rökstuddur og einnig koma fram upplýsingar um aðgerðir, tímaáætlun og hver ber ábyrgð á framkvæmd matsins. Í langflestum tilvikum bera stjórnendur, ýmist skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða deildarstjórar, ábyrgð á matinu. Samkvæmt þessu kerfi er árlega lagt mat á markmiðin sem tilgreind eru í stefnukortinu og framkvæmd þeirra. Í sjálfsmatskýrslu er birt mælikvarðakort (skorkort) þar sem fram koma mælikvarðar við hvern árangursþátt, viðmið skólans um árangur og leiðir til að afla upplýsinga. Í kortinu er tilgreind staða skólans fyrir hvert ár síðan 2007 og þar kemur fram hvort viðmiðum hefur verið náð.

Á síðastliðnu skólaári var byrjað að nota Skólapúlsinn sem matstæki til að afla upplýsinga frá foreldrum, nemendum og starfsfólki um viðhorf og líðan. Að sögn skólastjóra er aðlögun ekki lokið milli markmiða og mælikvarða sem þróaðir hafa verið í árangursmatinu annars vegar og upplýsinga sem skólinn fær úr Skólapúlsinum hins vegar og sést það í skorkorti skólans.

#### Styrkleikar

- Innra mat er kerfisbundið með notkun stefnumiðaðs árangursmats.

#### Tækifæri til umbóta

- Ljúka aðlögun upplýsinga úr Skólapúlsinum að fyrirliggjandi árangursmati skólans.
- Auka aðkomu starfsfólks að innra matinu þannig að það geti talist samofið daglegu skólastarfi.

#### *Innra mat er markmiðsbundið*

Þar sem almennur hluti skólanámskrár Lækjarskóla liggur ekki fyrir er ekki hægt að sjá með skýrum hætti tengsl milli markmiða aðalnámskrár og markmiða skólans. Aftur á móti kemur fram í sjálfsmatskýrslu hvernig staðið skal að aðgerðum í tengslum við markmið sem sett eru fram í stefnukorti skólans. Aðgerðirnar eru í sumum tilvikum lýsing á framkvæmd eða innleiðingu markmiðsins en í öðrum lýsing á því hvernig markmiðið verður metið. Í skorkorti/mælikvarðablaði sést að sum markmið hafa ekki verið metin undanfarin ár eða metin stopult. Matstækið sem notað er hefur aðeins að hluta verið aðlagð að aðstæðum og þörfum skólans.

#### Styrkleikar

- Flest markmið í stefnukorti skólans eru metin og viðmið um árangur eru sett fram í skorkorti.

#### Tækifæri til umbóta

- Tengja saman stefnu skólans, markmið skólanámskrár og mat á markmiðum skólans.

### ***Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum***

Upplýsinga er aðallega aflað með ytra mati sveitarfélagsins og Skólapúlsinum. Niðurstöður eru notaðar í innra matinu til að varpa ljósi á framkvæmd markmiða. Í skorkorti kemur fram að sum markmið eru metin í úttekt Lækjarskóla en ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig sú úttekt er framkvæmd eða hverjir taka þátt í henni. Stjórnendur heimsækja ekki skólastofur til að veita kennurum endurgjöf eða hvetja þá til að auka gæði náms og kennslu.

#### **Styrkleikar**

- Upplýsinga er aflað með spurningakönnunum bæjarfélagsins og Skólapúlsinum og þær notaðar í innra mati skólans

#### **Tækifæri til umbóta**

- Birta upplýsingar um hvernig staðið er að úttekt Lækjarskóla.
- Leita leiða til að koma á innra mati með virkri þátttöku starfsmanna.
- Stjórnendur veiti kennurum endurgjöf á kennslu og nám.

### ***Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum***

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem eiga hlut að máli og í rýnihópi kennara kom fram að þeir taka þátt í mati með því að svara könnunum en ekki að öðru leyti. Niðurstöður kannana eru kynntar starfsmönnum og skólaráði. Ákvarðanir um forgangsröðun og áherslur í innra mati eru á höndum stjórnenda og aðrir koma ekki að þeim miðað við upplýsingar úr rýnihópum. Matsteymi er ekki starfandi í vetur en hefur verið það áður að sögn skólastjóra og hann stefnir að því að koma aftur á matsteymi með þátttöku fulltrúa foreldra, nemenda og starfsfólks. Umbótaáætlun liggur fyrir í formi lista yfir umbótaverkefni á skólaárinu. Samkvæmt því sem fram kom hjá fulltrúum í skólaráði er áætlun um mat kynnt þeim en ráðið kemur ekki að ákvörðunum sem varða innra matið eða umbótaverkefni.

#### **Styrkleikar**

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem eiga hlut að máli.

#### **Tækifæri til umbóta**

- Koma á matsteymi með þátttöku fulltrúa starfsfólks, foreldra og nemenda.

## **Umbótastarf í kjölfar innra mats**

### ***Innra mat er opinbert***

Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014 er birt á heimasíðu skólans. Í skýrslunni er lýst aðgerðum sem tengjast framkvæmd og mati á einstökum árangursþáttum. Í hverjum þætti kemur fram tímaáætlun og hver ber ábyrgð á framkvæmdinni og matinu og í skorkorti/mælikvarðakorti má lesa viðmið skólans um árangur í einstökum þáttum ásamt helstu niðurstöðum úr mælingum sl. fimm ár. Undirtitill sjálfsmatsskýrslu er starfsáætlun sem er villandi titill með hliðsjón af því sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir að starfsáætlun grunnskóla innihaldi. Listi yfir umbótaverkefni sem unnið er að á skólaárinu er birtur í lok sjálfsmatsskýrslu.

Niðurstöður kannana eru kynntar fyrir starfsmönnum og fyrir skólaráði, að því er fram kom í rýnihópum, en ekki fyrir foreldrum. Foreldrum í rýnihópi fannst það „gagnrýnivert“.

### Styrkleikar

- Sjálfsmatsskýrsla er birt á heimasíðu skólans ásamt lista yfir umbótaverkefni.
- Niðurstöður kannana eru kynntar fyrir starfsmönnum og skólaráði.

### Tækifæri til umbóta

- Birta foreldrum og nemendum niðurstöður kannana á skólastarfi.

### *Innra mat er umbótamiðað*

Listi yfir tímasett umbótaverkefni haustið 2013 og vorið 2014 er settur fram í lok sjálfsmatsskýrslu. Tilgreint er fyrir hvert verkefni hvenær það er unnið, þ.e. í hvaða mánuði, en unnið er að nokkrum verkefnum yfir allt skólaárið. Í sumum verkefnum eru tilgreindar aðgerðir en í öðrum kemur aðeins fram að hverju er stefnt en ekki með hvaða aðgerðum. Umbótaáætlunin er unnin út frá niðurstöðum kannana og árangursmælikvarða og framkvæmd á ábyrgð stjórnenda skólans, segir í lok verkefnalistans. Skoðun á mælikvarðablaði sýnir að svo er að mestu en niðurstöður kannana eru ekki birtar þannig að ekki er hægt að sannreyna þau tengsl.

Foreldrar í rýnihópi nefndu dæmi um breytingu á starfsemi sem gerð var í kjölfar mats en þeir höfðu ekki haft aðgang að niðurstöðum umræddrar könnunar og ekki er rætt við foreldra um umbætur.

### Styrkleikar

- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

### Tækifæri til umbóta

- Tengja aðgerðir í umbótaáætlun niðurstöðum mats með skýrum hætti.
- Aðgerðabinda öll umbótaverkefni sem tilgreind eru.
- Auka þátttöku foreldra og nemenda í innra mati og umbótum.



## Svið IV – Nám nemenda með sérþarfir

Óskað var eftir að nám nemenda með sérþarfir væri fjórði matsþáttur Lækjarskóla, sérstaklega nám við sérdeildirnar þrjár sem við skólann starfa. Sérdeild fyrir nemendur með sérþarfir í námi í 1.-10. bekk er rekin af Hafnarfjarðarbæ og er opin nemendum úr öllum skólahverfum bæjarins. Fjölgreinadeild er fyrir nemendur úr 9. og 10. bekkjum í grunnskólum Hafnarfjarðar sem allir eiga það sameiginlegt að hafa ekki náð að fóta sig í almennum grunnskólum. Móttökudeild er við skólann fyrir erlenda nemendur sem er ætlað að taka á móti öllum erlendum nemendum í 5.-10. bekk í Hafnarfirði sem eru nýkomnir til landsins og hafa enga færni í íslensku.

Á heimasíðu Hafnarfjarðar kemur eftirfarandi fram um nám nemenda með sérþarfir:

*Börnum sem hafa sérþarfir í grunnskólum er veitt sérstök þjónusta til að styðja við nám þeirra tímabundið eða alla skólagönguna. Sá stuðningur getur ýmist verið veittur inni í bekk samhliða almennri kennslu, í sérstökum kennslustofum með öðrum sérkennslunemendum, í sérdeildum innan grunnskólanna í Hafnarfirði eða í sérskólum utan bæjarins. Sérkennslustuðningur er veittur á grundvelli greininga og / eða metinna þarfa og kennsla er veitt eftir forgangi í samræmi við úthlutað fjármagn til sérkennslu hverju sinni.*

*Aðgangur að sérdeildum er háður beiðnum frá foreldrum og samþykki inntökuteymis hverrar sérdeildar.*

*Flutningur í námsver, sérdeild eða sérskóla er ávallt háður ákvörðun foreldra og sækja þarf sérstaklega um slíkt. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðum viðkomandi skóla. Æskilegast er að umsóknir berist fyrir 1. apríl ár hvert fyrir næsta skólaár á eftir. Sérstakt inntökuteymi er fyrir allar sérdeildir bæjarins sem afgreiðir beiðnir um skólavist í þeim og er sérkennslufulltrúi á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar tengiliður fyrir allar sérdeildir og sérskóla.*

*Nemendur sem fá inni í sérskólum og sérdeildum í Hafnarfirði fá skólaakstur þegar sérdeild/ sérskóli er utan skólahverfis nemenda.*

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt þessa mats hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessi viðmið eru unnin með skömmum fyrirvara þar sem ósk skóla og sveitarfélags um matsþáttinn lá fyrst fyrir stuttu áður en matið hófst. Mat þetta er því alls engin heildarúttekt á sérdeildum við skólann, heldur er reynt að bregða ljósi á nám nemenda með sérþarfir, bæði almennt eins og gert er í kaflanum um nám og kennslu, og einnig í sérdeildum, samhliða þeirra gagnaöflun sem notuð er við matið. Auk gagnaöflunar og skjalarýni var farið í átta vettvangsathuganir í kennslustundir í sérdeildum, rætt við hóp nemenda í fjölgreinadeild, rýnihópaviðtal var tekið við deildarstjóra sérúrræða og sérstökum spurningum var beint til flestra rýnihópa vegna þáttar.

### Nám við allra hæfi

Komið er til móts við fjölpættar þarfir nemenda í sérkennslu og sérdeildum við Lækjarskóla. Leitast er við að haga skólastarfi þannig að allir nemendur séu fullgildir þátttakendur í starfi skólans. Við skólann eru þrjár af fimm sérdeildum Hafnarfjarðarbæjar, það er móttökudeild erlendra nemenda fyrir 4.-10. bekk, sérdeild fyrir nemendur með sérþarfir í námi í 1.-10. bekk og fjölgreinadeild fyrir nemendur í 9.-10. bekk sem ekki fóta sig í almennum grunnskólum.

Allir nemendur sérdeildar fyrir nemendur með sérþarfir í námi og móttökudeildar fyrir erlenda nemendur eru hluti af almennum bekkjum við skólann og sækja tíma eftir föngum með bekkjarfélögum. Þeir fylgja umsjónarbekknum í smiðjur og íþróttir ef talið er að viðkomandi ráði við það með stuðningi. Allir nemendur í móttökudeild fylgja sínum umsjónarbekk í val- og smiðjuhópa án þess að vera með sérstakan stuðning.

Fjölgreinadeildin er staðsett í öðru húsnæði og er í 10 mínútna göngufjarlægð frá aðalskólabyggingunni sem dregur úr samneyti nemenda þeirrar deildar við aðra skólafélaga. Námsaðstæður þar eru á ýmsan hátt aðrar en í nýja skólahúsnæðinu, bæði hvað varðar gögn og sérbúið kennslurými. Staðsetningin og aðbúnaður þar hefur hugsanlega líka ákveðna kosti fyrir það sveigjanlega, óhefðbundna skólastarf sem lagt er upp með.

Viðmælendur voru sammála um að tölvur og tækjakostur skólans væri ekki nógu góður og þjónaði ekki vel þörfum nemenda með sérþarfir. Kennslustundir sem metnar voru í sérdeildum voru almennt góðar. Nám nemenda tók ekki mikið mið af sérstökum áhuga þeirra og lítið var um að nemendur og kennarar ræddu markmið eða viðmið um árangur. Nemendahópar voru frá einum nemanda upp í níu í námshópi í kennslustund. Í vettvangsathugunum voru tölvur mjög lítið notaðar af nemendum og kennurum sérdeildanna.

Foreldrar í rýnihópi tóku sérstaklega fram að vel væri staðið að málum í tengslum við sérdeildir skólans. Foreldri með reynslu talaði jákvætt um samstarfið við viðkomandi sérdeild og aðrir foreldrar nefndu að þær auðguðu skólastarfið og gæfu öllum nemendum jákvæða sýn á fjölbreytileika.

#### Styrkleikar

- Skólastarf stefnir að jöfnum tækifærum allra til náms og félagslegrar þátttöku.
- Með margvíslegum sérdeildum er námsframboð fjölbreytt.
- Viðhorf eru jákvæð hjá foreldrum og nemendum til fjölbreytileika nemendahópsins.

#### Tækifæri til umbóta

- Tengja áhuga nemenda betur inn í skipulag náms.
- Gera nemendur betur meðvitaða um markmið og viðmið um árangur.
- Bæta tölvukost og nýtingu tækni við nám og kennslu í skólanum.
- Huga þarf sérstaklega að því að námsumhverfi styðji vel við nám nemenda í fjölgreinadeild.

#### Greiningargögn og námsáætlanir

Greiningargögn fylgja nemendum milli skólastiga. Við skólaskil eru fundir á skólaskrifstofu þar sem upplýsingar koma fram og unnin er einstaklingsnámskrá út frá þeim upplýsingum. Unnin er einstaklingsbundin tilfærsluáætlun þar sem við á. Nám nemenda sérdeilda er skipulagt með einstaklingsnámsáætlun. Í fjölgreinadeild er nám skipulagt út frá mati á stöðu nemenda og í samstarfi við nemendur þar sem kannaður er áhugi og styrkur í verklegum greinum. Þar er leitast við að nemendur hafi val um námsaðferðir og að hugað sé að áhugasviði þeirra við skipulag náms. Í samtali við nemendur kom fram að þeim finnst gott að vera í fjölgreinadeildinni, þar fái þeir betri aðstoð en áður, sé sinnt meira og nái meiri árangri. Nemendur sem rætt var við vildu þó gjarnan hafa meira val í náminu og sögðust ekki hafa neitt val. Í viðtölum og gögnum kemur fram að nemendum fjölgreinadeildar gefst kostur á að velja að fara í fyrirtæki í fjóra klukkutíma á viku til að kynna starfseminni þar. Þetta val er hluti af námstímanum og kallast Innherji. Nemendur sem rætt var við sögðust ekki koma að gerð reglna og fannst þeim vera breytt of ört.

Foreldrar eru með í samráði vegna náms barna sinna þar sem við á og eru vel upplýstir um þjónustu skólans. Haldnir eru teymisfundir reglulega með foreldrum.

#### Styrkleikar

- Gögn nemenda fylgja milli skólastiga.
- Foreldrar eru vel upplýstir um nám barna sinna og þjónustu skólans.

#### Tækifæri til umbóta

- Hafa meira um skipulag á starfi deildanna og ferlum sem að því snúa sýnilegt á heimasíðu.
- Huga að því að unglingar sem eru í sérdeildum hafi lögbundið val.

### Verklagsreglur og áætlanir

Á heimasíðu skólans er gerð grein fyrir sérdeildunum þremur á mjög almennan hátt. Lítið kemur fram um hvernig starfið fer fram, hvernig sótt er um eða hvar það er gert. Á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar er vísað á heimasíðu skólans um frekari upplýsingar um sérdeildirnar en þar eru þær af skornum skammti.

Sérdeildirnar skiluðu allar skýrslu eftir vetrarstarfið síðastliðinn vetur (2012-2013). Tvær skýrslurnar eru svipað uppsettar, þar kemur fram hver nemendafjöldinn var, lýsing á húsnæði og aðbúnaði, sérfræðiþjónustu innan og utan skólans, stöðu nemenda og fjallað er um námið í deildinni. Gerð er grein fyrir námsmati og námsefni, félagsstarfi og hvaða samstarf fer fram hjá kennurum deildarinnar. Loks er lagt mat á starf vetrarins. Ein deildin er með aðra framsetningu á vorskýrslu en þar er lauslega fjallað um helstu þætti starfseminnar.

Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir í námi er til og einnig er til móttökuáætlun fyrir nemendur í móttökudeild fyrir erlenda nemendur. Verklagsreglur um meðferð mála sem berast frá foreldrum eru til að sögn deildarstjóra en þær eru ekki opinberar á heimasíðu. Að mati sumra viðmælenda um nám nemenda með sérþarfir þarf að bæta ýmislegt í tengslum við verklag og ferla og gera þá sýnilegri. Einnig að gera öllum sem starfa við skólann ljóst fyrir hvað hann stendur, svo allir geti staðið keikir með þeirri stefnu.

Allar upplýsingar um skólastarfið á heimasíðu skólans eru á íslensku. Í móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur kemur fram að unnið sé að því að þýða helstu upplýsingar um skólastarfið. Fram kom í samtali við deildarstjóra sérkennslu að færri komast að en vilja í sérdeildir skólans.

#### Styrkleikar

- Greinargóðar móttökuáætlanir eru til fyrir sérdeild nemenda með sérþarfir í námi og móttökudeild fyrir erlenda nemendur.

#### Tækifæri til umbóta

- Gera inntökufærli og viðmið um inntöku í sérdeildir aðgengileg og birta á heimasíðu skólans.
- Birta móttökuáætlanir á heimasíðu skólans.
- Samræma framsetningu vorskýrslna og birtingu gagna hjá sérdeildum.
- Gera skýrslur og upplýsingar um starfsemi sérdeilda meira sýnilegar.
- Birta á heimasíðu skólans upplýsingar um skólann og starfsemi hans á helstu tungumálum nemenda af erlendu bergi.

#### Skipulag

Fagaðilar, svo sem sérkennarar, þroskaþjálfar og náms- og starfsráðgjafar, eru til staðar fyrir nemendur. Stuðningur og nám nemenda með sérþarfir er skipulagt á fölbreyttan hátt. Stuðningur við nemendur er endurskoðaður reglulega. Starfsmenn sérdeilda starfa í góðu samstarfi við stjórnendur og aðra starfsmenn skólans. Samstarf í skólanum er gott, eins og fram kom í hópi deildarstjóra sérúrræða, „fólk er tilbúið að sveigja sig á alla kanta til að koma til móts við nemendur“. Þó kom fram hjá rýnihópi annarra starfsmanna að upplýsingastreymi vegna nemenda með sérþarfir væri ekki nógu gott og að æskilegt væri að fara yfir mikilvæg atriði með þeim á fundum þar sem slíkar upplýsingar skiptu máli í samskiptum við nemendur.

Túlkajónusta er til staðar þegar á þarf að halda, að sögn deildarstjóra móttökudeildar.

### Styrkleikar

- Við skólann starfa starfsmenn með víðtæka fagþekkingu og reynslu til að sinna námi nemenda með sérþarfir.
- Fjölbreytt nám er í boði fyrir nemendur.

### Tækifæri til umbóta

- Skrá og birta lýsingar á starfi sérdeilda.
- Tryggja að mikilvægar upplýsingar um nemendur með sérþarfir komist til skila til þeirra starfsmanna sem þurfa á þeim að halda.

## Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

### Styrkleikar í stjórnun

Allir stjórnendur skólans leggja mikla áherslu á góð samskipti við nemendur og foreldra og menntun og velferð nemenda er þeim leiðarljós í starfinu. Stefnumörkun skólans endurspeglast í stefnukorti og markmiðum sem birtast í gögnum skólans. Foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans og segja stjórnendur aðgengilega. Starfsmenn segjast fá hrós og hvatningu frá stjórnendum. Í skólanum er notað SMT-agakerfi eða jákvæð skólafærni til að skapa gott andrúmsloft og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. SMT-reglur eru virkar og sýnilegar í skólanum og í hverri viku er ein regla kynnt sérstaklega.

### Tækifæri til umbóta

- Tryggja að lögbundinn skólatími nemenda skerðist ekki vegna sunds og íþróttatíma sem liggja að öðrum tímum án hlés.
- Tryggja þarf að smiðjuyrirkomulag á miðstigi uppfylli tilskilinn tímafjölda í list- og verkgreinum.
- Fjölga þarf tímum í valgreinum á unglíngastigi fyrir alla árganga og auka val nemenda í námi á öllum aldursstigum.
- Virkja með markvissum hætti alla hagsmunaaðila skólans við stefnumótun og markmiðssetningu og auka aðkomu þeirra að innra mati, skólaþróun og umbótum.
- Tryggja þarf að upplýsingar um skólastarfið séu aðgengilegar á heimasíðu, settar fram í samræmi við kröfur laga og aðalnámskrár og helstu þættir birtir á erlendum málum.
- Sjá til þess að upplýsingar um daglegt starf berist til allra sem þær varða hverju sinni.
- Skrá þarf og birta hvernig samstarfi við önnur skólastig og stofnanir í nærsamfélaginu er háttað.
- Styrkja starf skólaráðs og tengsl fulltrúa við umbjóðendur sína, foreldra og nemendur, m.a. með því að birta fundargerðir og tryggja lýðræðislegt val þeirra.

### Styrkleikar í námi og kennslu

Helstu styrkleikar Lækjarskóla í námi og kennslu felast í öflugum starfsmannahópi sem samanstendur af fólki með fjölbreytta fagmenntun. Áherslur sveitarfélagsins um velferð og líðan koma fram í starfi skólans og stefnu. SMT áherslur einkenna skólastarfið og þann anda sem er í skólanum. Virðing er borin fyrir margbreytileika í skólastarfinu og stoðþjónusta er víðtæk og mætir fjölbreyttum þörfum.

Jákvæður starfsandi er í kennslustundum, nemendur eru almennt virkir við úrlausn þeirra verkefna sem þeim eru falin. Kennarar veita uppbyggilega leiðsögn þegar leitað er til þeirra. Nemendum er leiðbeint um æskilega hegðun og bera ábyrgð á eigin framkomu.

### Tækifæri til umbóta

- Auka þátt nemenda í að skipuleggja og bera stigvaxandi ábyrgð á eigin námi, t.d. með auknu sjálfsmati nemenda. Kenna þeim að meta eigin framfarir í tengslum við markmið og viðmið um árangur.
- Efla fjölbreytta kennsluhætti og nýta möguleika upplýsingatækninnar meira til náms og kennslu.

- Auka áherslu á samræður og samskipti nemenda um námið.
- Uppfæra og samræma framsetningu námsvísa í skólanámskrá.
- Hvetja foreldra og nemendur til að nota námsvísa/bekkjarnámskrár og annaráætlanir markvisst í tengslum við nám nemenda.
- Æskilegt er að skilja á milli námsárangurs annars vegar og ástundunar eða hegðunar hins vegar í námsmati.
- Kynna niðurstöður mats og kannana um skólastarfið fyrir nemendum.
- Skrá og gera grein fyrir á heimasíðu hvað gert er til að meta sérstakar þarfir nemenda og gera grein fyrir viðmiðum.

### Styrkleikar í innra mati

Innra mat skólans telst kerfisbundið með notkun stefnumiðaðs árangursmats og helstu markmið skólans eru metin reglulega. Fjölbreyttum aðferðum er beitt við gagnaöflun og leitað eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila hverju sinni. Sjálfsmatsskýrsla ásamt lista yfir umbótaverkefni er birt á heimasíðu skólans.

### Tækifæri til umbóta

- Tengja þarf saman stefnu skólans, markmið skólanámskrár og mat á markmiðum með skýrum hætti, t.d. í matsáætlun.
- Auka þarf aðkomu allra aðila skólasamfélagsins að innra mati skólans með stofnun matsteymis þar sem starfsfólk, foreldrar og nemendur eiga fulltrúa og með auknu samráði við skólaráð.
- Kynna þarf niðurstöður kannana fyrir öllum hagsmunaaðilum en ekki aðeins starfsmönnum.
- Í umbótaáætlun komi fram hvernig verkefni tengjast niðurstöðum innra og ytra mats, aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram séu skýrt skilgreindar og einnig sé ljóst hvernig árangur umbótaverkefna verður metinn.

### Styrkleikar í námi nemenda með sérþarfir

Við skólann er leitað víðtækra og fjölbreyttra leiða til að mæta þörfum allra nemenda. Skólinn hefur að meginstefnu að allir nemendur séu virkir þátttakendur í skólanum, bæði hvað varðar náms- og félagslega þætti. Við skólann starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga með víðtæka fagþekkingu og reynslu af námi og kennslu nemenda með sérþarfir.

Jákvætt andrúmsloft er í skólanum sem endurspeglast í viðhorfum nemenda, kennara og foreldra til fjölbreytileika nemendahópsins.

Áætlanir eru til um móttöku nemenda með sérþarfir í sérdeild og móttökudeild fyrir erlenda nemendur. Vel er haldið utan um gögn nemenda og þau fylgja nemendum milli skólastiga. Foreldrar eru vel upplýstir um nám barna sinna og þá þjónustu sem skólinn veitir nemendum með sérþarfir.

### Tækifæri til umbóta

- Gera inntökufæri og viðmið um inntöku í sérdeildir aðgengileg og birta á heimasíðu skólans.
- Gera betur grein fyrir skipulagi og starfi sérdeilda og þeim ferlum sem við eiga á heimasíðu.
- Huga að því að unglingar sem eru í sérdeildum hafi lögbundið val.
- Birta á heimasíðu skólans upplýsingar um skólann og starfsemi hans á helstu tungumálum nemenda af erlendu bergi.
- Bæta tölvukost og nýtingu tækni við nám og kennslu í skólanum.
- Vegna sérstöðu Fjölgreinaeildar hvað húsnæði og námsframboð varðar, þarf að huga vel að því að það námsumhverfi styðji vel við nám nemenda.

## Frekari greining fyrir Lækjarskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður í þremur af fjórum þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati á Lækjarskóla. Fjórdi þátturinn, mat á námi nemenda með sérþarfir, er ekki tekinn með þar sem ekki eru til samræmi viðmið um þann þátt.

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.


- A → 3,6 – 4 = grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verlag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt - Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verlag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- C → 1,6 – 2,5 = gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verlag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- D → 1,0 – 1,5 = rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verlag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Náms aðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. for. í skólask. og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs bundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklags reglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðis. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

## Mat á gæðum kennslustunda

Mynd 1 sýnir yfirlit yfir mat á gæðum almennra kennslustunda<sup>6</sup> sem metnar voru.




### Kennsluhættir

#### Notkun upplýsingatækni

Nemendur notuðu aldrei upplýsingatækni í þeim 29 almennu kennslustundum sem metnar voru. Kennarar nýttu upplýsingatækni til kennslu í sjö af metnum almennum stundum.

### Kennsluathafnir<sup>7</sup>

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum almennum kennslustundum.




6 Sjá: Viðmið um gæði kennslustunda.

7 Sjá: Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum.




### Samvinna og einstaklingsvinna

Mynd 3 sýnir yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum almennum kennslustundum.




### Hópastærð, nemendur á kennara

Mynd 4 sýnir fjölda nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.



Mynd 5 sýnir fjölda nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í sérúrræði.



Viðmið um gæði kennslustunda.

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

#### Frábær

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

#### Góð

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

#### Má bæta

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

#### Óviðunandi

- Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:
- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
  - Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
  - Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
  - Bekkjarstjórnun er ábótavant.
  - Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
  - Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.

**Matsblað kennslustunda****Vettvangsathugun í kennslustund**

Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl. (upphaf og lok):
Námsgrein:	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda / Einstaklingsvinnu/Blanda
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/ Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennarar UT við kennslu: J/N
<b>Matsþáttur</b>	<b>Vísbendingar</b>	
Skipulag í skólastofunni/ kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.	
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.	
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.	
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.	
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.	
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?	
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.		
Mat á stundinni: Frábær – Góð – Má bæta – Óviðunandi		

## Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimenn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjá flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemendur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks en ekki er um tæmandi lista að ræða. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

### Flokkun kennsluathafna

#### **Fræðandi**

Kennarinn er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsefnið er í forgrunni.

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara
- Fara yfir og leiðrétta heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara
- Bein kennsla/samræður við nemendur
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum
- Námsefni lesið saman og rætt við nemendur
- Sýnikennsla, útskýringar
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bókleg eða verkleg
- Horft á kvikmyndir og myndbönd
- Þjálfun og æfingar

**Leiðbeinandi**

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum. Áhersla er lögð á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið til náms frekar en námsefnið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

- Tilraunir og verklegar æfingar
- Lausnaleit
- Náms efni lesið saman og rætt með nemendum
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á útfærslu og verkefnaaval eða nemendur hanna og skapa frá grunni
- Útikennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms
- Rannsóknir
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur

Þvert á flokkana að framan koma eftirfarandi þræðir:

**Sjálfstætt nám – einstaklingsvinna**


Kennarinn skipuleggur námsathafnir sem ætlað er að efla frumkvæði, sjálfstraust og sjálfsmat nemandans. Námið er skipulagt annað hvort af kennara eða nemanda en er undir umsjón og leiðsögn kennara. Vinna nemenda sem einkennist af dæmigerðri vinnubókarvinnu er einnig flokkuð sem einstaklingsvinna.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna
- Einstaklingsverkefni sem tengjast áhugasviði
- Ígrundun og mat á eigin námi (sjálfsmat)
- Vinna í vinnubók eða sambærileg verkefni

**Gagnvirkt nám – samvinna/hópavinna**

Kennarinn skapar námsumhverfi sem byggir á samræðum og hlutdeild nemenda. Paravinna, hópavinna eða annars konar samvinna í kennslustundum. Áhersla á samskipti, samvinnu og félagslega færni. Nemendur vinna í margskonar hópum. Kennarinn hefur mikilvægt hlutverk við hópamyndun og skipulag námsathafna nemenda í hópum.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna, hópverkefni
- Þemaverkefni, unnin í hópum
- Umræður hópa og kynning niðurstaðna
- Námsleikir og spil
- Leikræn tjáning, söngur eða hreyfing
- Samvinnunám



## Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: Greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). Innra mat grunnskóla: Leiðbeiningar og viðmið fyrir matsveitarfélags á innra mati grunnskóla. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hafnarfjörður, heimasíða. Sérfræðiþjónusta grunnskóla. Slóðin er: <http://www.hafnarfjordur.is/thjonusta/skolar-fraedslusvid/grunnskolar/serfraedithjonusta/#>

Hrönn Pétursdóttir. (2007). Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Lækjarskóli. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.laekjarskoli.is>

Lækjarskóli - 130 ára afmælisrit. (2007).

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. (1997). Sjálfsmat skóla. Slóðin er: [http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalpsm\\_skola\\_97.pdf](http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalpsm_skola_97.pdf)

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar. (2009). Skólustefna Hafnarfjarðar. Slóðin er: <http://www.hafnarfjordur.is/media/skyrslur-og-utgafa/SkolastefnaHf2009utgafa.pdf>

Skýrsla vegna móttökudeildar Lækjarskóla veturinn 2012-2013.

Gögn um samræmd próf og PISA niðurstöður skóla, unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.









